
| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Einars Eiríkssonar við Sogaveg | 1831 | 2955.oo |
| 2. | Hús Egils Vilhjálmssonar, Laufásvegur 26 | 904 | 75800.oo |
| 3. | Hús Sigurðar Amundasonar, Hávallagata 7 | 1812 | 49635.oo |
| 4. | Hús Kristjáns Oddssonar, Laugavegur 27 B. | 856 | 11970.oo |
| 5. | Hús Högna Eyjólfssonar við Fossvogsveg | 1876 | 2925.oo |
| 6. | Hús Jóns Oddgeirs Jónssonar við Bústaðaveg | 1170 | 16130.oo |
| 7. | Húus Elínar Guðmundsson, Klapparstígur 18 | 244 | 21748.oo |
| 8. | Hús Sigurðar Kristinssonar, Hlíðarendi við Laufásveg | 2328 | 32910.oo |
| 9. | Hús Sigurgeirs Friðrikssonar, Hafrafell við Múlaveg | | 14722.oo |
| 10. | Hús Guðmundar Erlendssonar, Nönnugata 12 | 1712 | 11572.oo |
| 11. | Hús Smjörlíkisgerðarinnar Ásgarður h.f. við Nýlendugötu | 1164 | 52730.oo |
| 12. | Hús Steingríms Pálssonar, Reykhólar við Kleppsveg | 2085 | 14145.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. júní lögð fram. Tillaga um að fresta 18. lið samþ. með shlj. atkv. Fundargerðin að öðru leyti samþ. með samhljóða atkvæðum.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 21. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina:
-Bæjarstjórnin ákveður að láta vinna jafnlangan vinnudag í gtjótnáminu og í annar bæjarvinnu.

Samþ. með 7:2 atkv. að vísa tillögunni til bæjarráðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerðs frá 28. júní lögð fram.
1., 5. og 16. liður.
Tillaga frá Alþýðuflokknum í sambandi við 16. lið fundargerðarinnar:

-Bæjarstjórnin samþykkir að taka tilboði atvinnumálaráðuneytisins í bréfi þess dags. 27. f.m., um 10 þús. króna fjárframlag til atvinnubóta fyrir unga menn gegn jafnháu framlagi úr ríkissjóði. Jafnframt felur bæjarstjórnin bæjarráði að semja við ríkisstjornina um vinnutilhögun og annað þessu viðvíkjandi.

Tillaga frá borgarstjóra í sambandi við sama lið fundargerðarinnar:

-Út af bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borgarstjóra, dags. 27. f.m., um aukið framlag úr bæjarsjóði til vegar austan Þingvallavatns, ályktar bæjarstjórnin að óska eftir því, að þeim framkvæmdum við Sogsveginn, sem þegar hefir verið fyrirhugaður í sumar, verði hraðað eftir föngum, og telur bæjarstjórnin ekki tímabært að svo stöddu að samþykkja frekari fjárveitingar til vegarins austan við Þingvallavatn fyrr en séð verður að fyrirhugaðar vegagerðir þar verði framkvæmdar.
Hinsvegar heimilar bæjarstjórnin bæjarráði að leggja fram úr bæjarsjóði að jöfnu á móti ríkissjóði allt að 10 þús. króna til þess að bæta að nokkru úr atvinnuleysi æskumanna hér í bænum á yfirstandandi sumri, og er bæjarráði falið að setja nánari skilyrði fyrir fjárveitingunni.

Tillaga frá Jakob Möller í sambandi við 1. lið fundargerðarinnar:

-Bæjarstjórnin heimilar bæjarráði að greiða úr bæjarsjóði áfallin kostnað til 1. þ.m. við tækniskoðun á kúm, sem heimillt hafi verið að selja mjólk úr beint til neytenda svo og eftirlit með mjólkinni til sama tíma.

Tillaga Stefáns Jóhanns Stefánssonar við 5. lið fundargerðarinnar:

-Bæjarstjórn samþykkir að verða við tillögum gasstöðvarstjóra um greiðslu á aukaþóknun til kyndara Gasstöðvarinnar fyrir sunnudagavinnu.

Tillaga Björns Bjarnasonar í sambandi við 16. lið fundargerðarinnar:

-Bæjarstjórn bindur fjárveitingu sína til atvinnu handa atvinnulausum æskumönnum því skilyrði, að í vinnunni verði greiddur taxti verkamannafélagsins Dagsbrún.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga Jakobs Möller við 1. lið samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar við 5. lið var felld með 8:7 atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við tillögu borgarstjóra við 16. lið:

1. Fyrri málsgrein tillögunnar orðist þannig: Bæjarstjórnin beini þeim tilmælum til ráðuneytisins að leggja fram úr ríkissjóði að jöfnu á móti Sogsvirkjuninni nægilegt fe úr ríkissjóði til þess að þeim framkvæmdum við Sogsveginn, sem þegar hafa verið fyrirhugaðar í sumar, verði hraðað eftir föngum.
2. Upphaf 2. málsgr. hljóði þannig: Bæjarstjórnin felur bæjarráði o.s.frv.
3. Á eftir orðunum: -allt að 10 þús. krónur, komi: í samræmi við tilboð atvinnumálaráðuneytisins í bréfi þess, dags. 27. f.m.

Breytingartillaga Stef. Jóh. Stefánssonar, 1. liður, var felld með 8:6 atkv., og liður 2 og 3 var felldur með 8:6 atkv.

Fyrri hluti tillögu borgarstjórans við 16. lið var samþ. með 8:6 atkv. Síðari hluti sömu tillögu var samþ. með samhlj. atkvæðum.

Tillaga Björns Bjarnasonar við 16. lið var felld með 7:2 atkv.

23. liður fundargerðarinnar var samþ. með 7:4 atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 27. júní var lögð fram. 2. liður samþ. með shlj. atkv. og fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
Nathan & Olsen. Samþ. að fella niður dráttarvexti af útsvarsskuld þeirra gegn því að þeir greiði að fullu útsvarsskuldina innan 8 daga frá tilkynningu þessarar ályktunar.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.10 e.h.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Jakob Möller. Gunnar E. Benediktsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Axel Pétursson. Guðm. Oddsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Jóhanna Egilsdóttir. Sig. Jónsson. Ólafur Friðriksson. Ragnar Lárusson. Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1935,
fimmtudaginn 18. júlí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjora, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurður Ólafsson, Björn Bjarnason og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

Fundargerð byggingarnefndar frá 11. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 5. júlí lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. liður samþ. með shlj. atkv.
29. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 12. júlí lögð fram.
6. liður samþ. með shlj. atkv.
11. liður samþ. með 8:5 atkv.

IV. Fundargerð stjórnar Eftirlaunasjóðs frá 16. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Um skipun nefndar til þess að rannsaka atvinnuleysi unglinga í Reykjavík og gera tillögur til úrlausnar því máli.

Tillaga bæjarraðs í fundargerð 12. júlí, 10. lið, samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.30.

Pétur Halldórsson. Jóhann Ólafsson. Jakob Möller.
Guðm. Ásbjörnsson. Sig. Jóhannsson. Stefán Jóh. Stefánss.
Guðm. Eiríksson. Guðm. Oddsson. Bjarni Benediktsson.
Jóhanna Egilsdóttir. Gunnar E. Benediktsson.
Björn Björnsson. Sig. Ólafsson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935,
fimmtudaginn 1. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk setts borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Bjarni Benediktsson, Jakob Möller, Jóhann Olafsson, Halldór Hansen, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Guðmundur R. Oddsson, Olafur Friðriksson, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 25. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 19. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 26. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Kosning borgarstjóra í Reykjavík fyrir það, sem eftir er yfirstandandi kjörtímabils.
Forseti skýrði frá, að ein umsóln hefði borizt, frá Pétri Halldórssyni bæjarfulltrúa.
Fór þá fram kosning, og hlaut kosningu:
Pétur Halldórsson,
með 8 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

V. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
P. Petersen bíóeigandi. Synjað beiðni hans um eftirgjöf á dráttarvöxtum á útsvari.

Fundargerð lesib, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.22.

Bjarni Benediktsson. Gúm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.
Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson. Björn Bjarnason.
Olafur Friðriksson. Jóhanna Egilsdóttir. Guðm. Oddsson.
Jóh. Olafsson. Jón Axel Pétursson. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1935,
fimmtudaginn 15. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.ðo síðdegis, og voru þá mættir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Jóhann Ólafsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jónsson, Bjarni Benediktsson, Guðrún Jónasson, Jón Axel Pétursson,Björn Bjarnason, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurður Ólafsson, Guðmundur R. Oddsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|
| 1. Hús Þorsteins Þorkelssonar Grettisgata 44 | 1102 | 18440.oo |
| 2. Hús Sigurþórs Jónssonar og Ísleifs Jakobssonarþ Hafnarstræti 4 | 121 | 32725.oo |
| 3. Hús bæjarsjoðs Reykjavíkur, Gasstöðin Hverfisgata 115 nýr skúr | 1445 | 1136.oo |
| 4. Hús Magnúsar Sigurðssonar, Tjarnargata 37 | 1240 | 36155.oo |
| 5. Hús Bergsteins Jóhannessonar,og Jóns Bergsteinssonar, Tjarnarg. 5 B | | 26360.oo |
| 6. Hús Þorkels Ingiberfssonar, Holtsgata 14 A | 1801 | 23290.oo |
| 7, Hús Daníels Fjeldsted við Bústaðaveg | 1937 | 2836.oo |
| 8. Hús Jóns Bergssonar við Fossvogsveg | 2009 | 3644.oo |
| 9. Hús h.f. Kexverksmiðjan Esja við Þvergötu | 2084 | 94117.oo |
| 10. Hús Jóns Erlendssonar, Sauðagerði C | 635 | 8410.oo |
| 11. Hús Kristjáns H. Magnússonar, Skólavörðustíg 43 | 894 | 8415.oo |
| 12. Hús Þorkels Guðnasonar, Grettisg.44A | 1283 | 22112.oo |
| 13. Hús Elísabetar Jónsdóttur við Elliðaár | 2132 | 1632.oo |
| 14. Hús Ingva Jóhannessonar við Kleppsveg | 2883 | 11854.oo |
| 15. Hús St. Josephs-systra, Landakotsspítali við Túngötu | 692 | 588220.oo |
| 16. Hús Hálfdanar Bjarnasonar við Sogaveg | 2134 | 3090.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 2. ágúst lögð fram. 8. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 9. ágúst lögð fram. _. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð brunamálanefndar fra 13. ágúst lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Fundargerð skólanefndar frá 14. ágúst lögð fram.

VII. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Sigurður Sveinbjörnsson f.h. -Nýja blikksmiðjan.
   Erindinu synjað.
2. Þorsteinn Jónsson, Hvg. 58 a. Erindinu synjað.
3. Ólafur Johnson ~~á~~ f.h. Péturs Ó. Johnson.
   Erindinu synjað.
4. Rannveig Sigurðardóttir, Vest. 32. Erindinu synjað.
5. Ari Magnússon, Bragagötu 22 A. Erindinu synjað.
6. Guðm. Guðmundsson, Ránargötu 18. Samþ. með shlj. atkv. að fella niður útsvarsskuld hans frá 1934 gegn greiðslu á kr. 250.oo.
_. Borgþór Jósefsson, dánarbú. Samþ. að útsvar 1934 lækki niður í kr. 100.oo.

Lestri og staðfestingu fundargerðar frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 5.4o e.h.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson. Björn Bjarnason. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Sog. Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Guðm. Oddsson. Sig. Jónsson. Bjarni Benediktsson. Sig. Jóhannsson. Gunnar E. Benediktsson. Jóhann Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935,
fimmtudaginn 5. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóraþ þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjönsson, Guðmundur Eiriksson, Jóhann Ólafsson, Gunnar E. Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigurður Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason og Arngrímur Kristjánsson.

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar.

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Jelga Jóhannessonar, Bergþórugata 51 | 52390.oo | |
| 2. | Hús Odds Sigurgeirssonar við Kleppsveg | 340 | 2908.oo |
| 3. | Hús Peders Steffensen, Grettisgata 55, | 174 | 15720.oo |
| 4. | Hús Odds Jónassonar, Laufásvegur9 | 1031 | 41981.oo |
| 5. | Hús Haraldar Sveinbjörnssonar, Bergþórugata 53 | 1880 | 53045.oo |
| 6. | Hús Ingólfs Guðmundssonar, Laugarnesvegur 48 | 3184 | 13384.oo |
| 7. | Hús Kristínar Hagbarð, Laugavegur 26 | 293 | 28283.oo |
| 8. | Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Kringlumýrarveg | 396 | 6888.99 |
| 9. | Hús sama við Garðastræti | 3238 | 5040.oo |
| 10. | Hús Gísla Bjarnasonar, Barónsstígur 43 | 1334 | 73156.oo |
| 11. | Hús Sveins Guðmundssonar o.fl. Grettisgata 6 | | 1975.oo |
| 12. | Hús h/f Stálsmiðjan við Brunnstíg | 3240 | 1565.oo |
| 13. | Hús Björns Ólafssonarþ Hringbraut 110 | 3169 | 1120.oo |
| 14. | Hús Guðrúnar Andrésdóttur, við Fossvoggsblrtt | 3299 | 3700.oo |
| 15. | Stefáns Bjarnasonar, við Fossvogsblett | 3300 | 3786.oo |
| 16. | Hús Kristjáns Bergssonar, Grettisgata 46 | 1177 | 61710.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð Bæjarráðs frá 16. ágúst lögð fram og samþykkt með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 23. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Fundargerð bæjarráðs frá 30. águst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð skoðanefndar frá 21. ágúst lögð fram.

VII. Fundargerð hadnarstjórnar frá 2. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Kosning varaforseta bæjarstjórnarinnar:
1. Kosningu hlaut:
Bjarni Benediktsson með 8 atkv.
en 7 seðlar voru auðir.
2. Kosning varaforseta:
Kosningu hlaut:
Jóhann Olafsson, með 8 atkv.
en 7 seðlar voru ayðir.

IX. Kosning eins bæjarfulltrúa í hafnarstjórn í stað Péturs Halldórssonar borgarstjóra.
Kosningu hlaut:
Jakpb Möller,
samkvæmt tilnefningu ~~Sjálfstæðisflokksins~~ bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og án atkvæðagreiðslu.

X. Skipun eins fátækrafulltrúa í Reykjavík.
Tillaga frá borgarstjóra, um að Ragnar Lárusson, settur fátækrafulltrúi, skuli skipaður í starfið frá 1. sept. s.l. samþ. með 8:4 atkv.

XI. Kosning tveggja manna í nefnd, er rannsaki atvinnuleysi unglinga hér í bænum og geri tillögur tillögur til úrlausnar því máli.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Bjarni Benediktsson bæjarfulltrúi,
Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, blaðamaður.

XII. Atvinnuleysið og ráðstafanir gegn því. (Eftir ósk Björns Bjarnasonar).
Björn Bjarnason bar fram svæhljóðandi tillögu:

-Bæjarstjórn ákveður að gera nú þegar eftirfarandi ráðstafanir gegn atvinnuleysinu:
1. Að starfrækja mötuneyti, er veit; atvinnuleysingjum ókeypis fullkomið fæði.
2. Að hefja atvinnubótavinnu fyrir minnst 250 manns, með fullum daglaunum.
3. Að veita atvinnuleysingjum ókeypis rafmagn, gas, kol og koks.

Sigurður Olafsson og Stefán Jóh. Stefánsson báru fram svohljóðandi tillögu:
-Bæjarstjórnin samþykkir að taka nú þegar 3 togara á leigu til að fiska ufsa í ís, sem síðan verði flattur eða flakaður í landi til herzlu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga um að vísa tillögu Björns Bjarnasonar til bæjarráðs samþ. með 8:1 atkv.

Tillaga um að vísa tillögu Sigurðar Ólafssonar til bæjarráðs samþykkt með 8,2 atkv.

XIII. Útsvarsmál. (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Víglundur Jónsson, Bárugötu 38. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1934.
2. Einar Karl Magnússon, Framnesvegi 12. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1934 og 1935.
3. Sigrún Magnúsdóttir, Laufásvegi 75. Erindinu synjað.
4. Matthías Matthíasson, Skólavörðustíg 22. Erindinu synjað.
5. Benedikt Benediktsson, Hverfisgötu 96 B. Erindinu synjað.
6. Þórður Kolbeinsson, Hverfisgötu 94 A. Erindinu synjað.
7. Sveinn Jón Einarsson, Bræðræðisholti 37. Erindinu synjað.
8. Páll Sigurðsson, Njarðargötu 35. Erindinu synjað.
9. Þórarinn Arnason, Grettisgötu 60. Samþykkt að lækka útsvar hans 1935 um kr. æ0.oo
10. Guðfinnur Guðmundsson, Hringbraut 146. Erindinu sunjað.
11. Victor Rudc, Hverfisgötu 59. Erindinu synjað.
12. Haward Little. Erindinu synjað.
13. Magnús Guðmundsson, skipasmiður. Samþ. með 7:1 atkv. að fella burtu dráttarvexti af útsvarsskuld hans 19331934 (1933-1934), enda verði útsvarsskuldin, kr. 2555.oo greidd nú þegar.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6½.

Guðmundur Eiríksson. Guðmundur Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Sig. Jónsson. Sig. Jóhannsson. Arngr. Kristjánsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Guðmundur R. Oddsson. Gunnar E. Benediktsson. Björn Bjarnason. Bjarni Benediktsson. Jóh. Ólafsson. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935,
fimmtudaginn 19. seprember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjótninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra,
þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, JOhann Olafsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Gúmundur Eiríksson, Bjarni Bebediktsson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóhann Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 6. sept. lögð fram.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 13. sept. lögð fram. Jóhanna Egilsdóttir bar fram svohljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að kjósa þrjár konur í nefnd til að rannsaka atvinnuleysi kvenna og gera tillögur um atvinnubætur fyrir þær. - Verkakvennafelagið Framsókn tilnefnir eina konu í nefndina en atvinnumálaraðherra tilnefnir þá fimmtu.

2. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að kjósa þrjár konur í nefnd til að rannsaka atvinnuleysi kvenna og gera tillögur um atvinnubætur fyrir þær.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjótnin samþykkir að fela bæjarráði að stuðla af fremmsta megni að aukinni sauma- og handavinnukennslu fyrir konur á komandi vetri. Telur bæjarstjórn að að því verði bezt fyrir kopið með því að efla starfsemi Heimilisiðnaðarfélags Íslands, þannig að því verði gert kleyft að halda bæði dag- og kvöldnámskeið í saumi og handavinnu.

4. liður samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Jóns Axels Péturssonar samþ. með shlj. atkv.

Tillaga frá borgarstjóra um að vísa tillögum Jóhönnu Egilsdóttur til bæjarráðs sþ. með 8:7 atkv.

IV. Fundargerð skólanefndar fra 4. september lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Fundargerð skólanefndar frá 12. sept. lögð fram.
Tillaga um að fresta 6. lið sambykkt með 8:3 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.39.

Guðmundur Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson.
Sig. Jóhannsson. Gunnar E. Benediktsson. Jóh. Olafsson.
Jakob Möller. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Guðm. Oddsson.
Jóhanna Egilsdóttir. Björn Bjarnason. Jón Axel Petursson.
Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson. Bjarni Benediktsson.
Ólafurfriðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935,
fimmtudaginn 3. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5.08 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar.
Jakob Möller, Bjarni Benediktsson, Gunnar E. Benediktsson, Sigurður Jónsson, Björn Bjarnason, Aðalbjörg Sigurðardottir, Guðmundur Ásbjörnsson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur Eiríksson, Ragnhildur Peturdóttir, Jóhann Olafsson, Olafur Friðriksson, Sigurður Olafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson, Guðmundur R. Oddsson,.

Þetta gerðist a fundinum:

I. Brunabótavirðingar sam:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Jóns Guðmundssonar, Bræðraborgarstígur 23, | 297 | 18010.oo |
| 2. | Hús Runólfs Jónssonar, Vestra-Gíslholt, Vesturgata | 1144 | 19916.oo |
| 3. | Hús Odds Kristjánssonar, Leifsgata 8 | 55 | 897.oo |
| 4. | Hús Ríkissjóðs Íslands, Laugarnesspítali | 514 | 262805.oo |
| 5. | Hús Vémundar Ásmundssonar, Fagrahlíð við Grensásveg | 3080 | 5970.oo |
| 6. | Hús Valdimars Stefanssonar, Holtsgata 39 | 3160 | 42530.oo |
| 7. | Hús Arndísar Jósefsdóttur, Mýrargata 1 | 945 | 12850.oo |
| 8. | Hús bæjarsjóðs Reykjavíkur, barnaskólahús við Reykhaveg | 1373 | 92300.oo |
| 9. | Hús Gísla Þorleifssonarþ Hringbraut 64 | 1441 | 33720.oo |
| 10. | Hús Einars Guðmundssonar, Vesturgata 53 B. | 225 | 15557.oo |
| 11. | Hús Jóns og Ingibergs Stefánssona, Baldursgata 6 A. | 3317 | 28256.oo |
| 12. | Hús Olafs Högnasonar, Baldursgata 6 | 3316 | 28256.oo |
| 13. | Hús Péturs Magnússonar, við Háaleytisveg | 3318 | 8430.oo |
| 14. | Hús Sighvats Einarssonar, Garðastræti 45 | 1637 | 44002.oo |
| 15. | Hús Hannesar Guðmundssonar, í Fossvogi | 3295 | 1700.oo |
| 16. | Hús Vigfúsar Jónssonar, Vellir við Breiðholtsveg | 3319 | 1255.oo |
| 17. | Hús Jóns Erlendssonar, Ránargata 31 | 1925 | 31290.oo |
| 18. | Hús Erlends Erlendssonarþ, Leifsgata 18 | 2427 | 48048.oo |
| 19. | Hús Ragnars Þórarinssonar, Leifsgata 20 | 3321 | 37600.oo |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20. | Hús f.f. Timburverzlunin Skógur við Hörpugötu | Brbnr.: 2149 | Kr.: 13049.oo |
| 21. | Hús Ragnars Guðlaugssonar, Hávallagata 36 | 1897 | 35970.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. sept, lögð fram.
1.- 2. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að fresta 3. lið samþ. með 9:2 atkv.
4. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga byggingarnefndar í 5. lið samþ. með 5:4 atkv.
Tillaga Jakobs Möller um að veita leyfi það, sem um ræðir í t. lið kom því ekki til framkvæmda.
6.- 24. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 20. sept. lögð fram.
7. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 27. sept. lögð fram.
Bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

-Bæjarstjórn samþykkir að fjölga í atvinnubótavinnunni frá næsta fimmtudegi upp í 300 manns og halda þeirri tölu svo og 8 stunda vinnutíma fyrst um sinn til mánaðarmóta okt.-nóv.

Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að stofnsetja nú þegar mötuneyti (almenningseldhús) og verði atvinnulausu verkafólki látin þar í té ókeypis matur eftir ávísun fátækrafulltrúa, skólahjúkrunarkvenna og heimilisráðunaut bæjarins, en öðrum gefinn kostur á að kaupa þar fæði á kostnaðarverði.

Björn Bjarnason bar fram svohljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn Reykjavíkur ákveður að fjölga nú þegar í atvinnubótavinnunni upp í 300 manns og að greiða þeim, sem í vinnunni eru, fullt dagkaup, kr. 13,6o.
2. Bæjarstjórn Reykjavíkur leggur fyrir borgarstjóra að sjá til þess, að allir atvinnuleysingjar fái ókeypis gas, rafmagn og koks vetrarlangt.
3. Bæjarstjórn Reykjavíkur ákveður að ábyrgjast greuðslu húsaleigu fyrir þá, sem atvinnulausir eru og þess óska.
4. Bæjarstjórn leggur ríkt á, að framfylgt sé samþykkt bæjarráðs um, að þar sem unnið sé í atvinnubótavinnu utanbæjar, hafi flokksstjórar nauðsynleg lyf og sáraumbúðir á vinnustaðnum.
5. Bæjarstjórn ákveður, að fullar mjólkur- og matgjafir fyrir verkamannabörn skuli hefjast í barnaskólunum um leið og kennsla byrjar.

Ennfremur að börnum verkamanna, sem eiga heima í úthverfum bæjarins, sé séð fyrir okeypis ferðum til og frá skólunum með strætisvögnum Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að greiða í atvinnubótavinnu fullan taxta Dagsbrúnar og vörubílastöðvarinnar Þróttur og greiða þeim verkamönnum og bílstjórum fulla uppbót, sem undanfarið hafa fengið hafa fengið of lítið greitt í atvinnubótavinnunni.

8. og 10. liður samþ. með shlj. atkv.

Tillagan~~na~~ um að vísa tillögum bæjarfulltrúa Alþýðufokksins og Björns Bjarnasonar til bæjarráðs samþ. með 8Þ7 atkv.

V. Fundargerð skólanefndar frá 12. september , 6. liður. Tillaga um að fresta málinu samþ. með 8:3 atkv.

VI. Fundargerð dkólanefndar frá 1. október lögð fram.

VII. Fátækramál (Eftir ósk Björns Bjarnasonar bæjarfulltrúa).
Björn Bjarnason lagði fram svohljóðandi kröfu frá F.S.R. , og tók hana upp sem sína tillögu:
-Fundurinn krefst þess af bæjarstjórn að hún láti 5 manna nefnd gera tillögur um starfsreglur fyrir fátækrafulltrúana, og séu eigi færri en 2 þeirra kosnir af F.S.R.
Til vara:
að F.S.R. fái frjálsan aðgang að vinnubókumfátækra fulltrúanna handa trúnaðarmönnum sínum.

Borgarstjóri bar fram svohljoðandi tillögu:

-Bæjarstjórnin heimilar borgarstjora að gera ráðstafanir til að bænum se skift í allt að 4 fátækrahverfi og heimilar nauðsynlegar aðgerðir í því sambandi.

Tillaga Björns Bjarnasonar felld með 8:1 atkv.

Tillaga um að vísa tillögu borgarstjóra til bæjarráðs til afgreiðslu samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Guðmundur Ásbjörnsson vék af fundi að afloknum VII. lið.

VIII. Útsvarsmál (Rædd fyrir lukrum dyrum)).
1. Guðmundur Jakobsson, db. Erindinu vísað aftur til bæjarráðs.
2. Aðalsteinn Hansson Ljósvallagata 22. Erindinu synjað.
3. Bertil Erlingsson, Bjarnarstíg 1. Erindinu synjað.
4. Bjarni Einarsson, Baldursgötu 10. Erindinu synjað.
5. Guðfinna Sæmundsdóttir, db. Erindinu synjað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Sigurður Einarsson, Laugavegi 42. Samþykkt að fella burtu 160 kr. af útsvarsskuld hans frá 1933-34, auk áfallina dráttarvaxta, gegn greiðslu strax.
7. Guðrún Erlings. Erindinu synjað.
8. Guðrún Magnúsdóttir, Leifsgötu 8.
Erindinu synjað.
9. Guðmundur Helgason, Vitastíg 15. Samþykkt að fella burtu 60 kr. af útsvarsskuld hans.
10. Har. St. Bkörnsson Barónsstíg 59.
Erindinu synjað.
11. Ingvar E. Sigurðsson, Vegamótastig 9.
Erindinu synjað.
12. Jón Vigfússon, Njálsgötu 35.
Erindinu synjað.
13. Kristín Jónsdóttir, Hafnarstræti 16.
Erindinu synjað.
14. Ólafur Th. Guðmundsson, Laugavegi 34 B.
Samþykkt að lækka útsvar hans 1935 niður í 400 kr.
15. Jörgen E. Petersen, Gamla Bíó.
Erindinu synjað.
16. A. Rosberg, c/o Hotel Borg.
Samþ. að lækka útsvar hans 1935 miður í kr. 300.oo.
17. Friðjón Steinsson, Freyjugötu 15.
Erindinu synjað.
18. Óskar Gissurarson, Rauðarárstíg ~~14~~ 13.
Erindinu synjað.
19. Himinbjörg Jónsdóttir, Vitastíg 11.
Samþ. að fella burtu útsvar hennar 1935, kr. 10.oo.
20. Guðmundur Helgason, Lindatgötu 41.
Erindinu synjað.
21. Ingibjörg Egilsdóttir, Ásvallagötu 25.
Erindinu synjað.
22. Sólon Lárusson, Urðarstíg 9. Samþ. að lækka útsvar hans 1935 niður í kr. 10.oo.
23. Dánarbú Tryggva Þórhallssonar. Samþ. að fella burtu útsvar dánarbúsins.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.54.

Bjarni Benediktsson. Jon Axel Pétursson. Sig. Jonsson. Jakob Möller. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Ólafur Friðriksson. Jóhanna Egilsdóttir. Gunnar E. Benediktsson. Guðm. Eiríksson. Guðm. Oddsson. Jóh. Ólafsson. Sig. Olafsson. Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1935,
fimmtudaginn 17. október, var regæulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni:
Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis, oh voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Jakob Möller, Guðmundur Eiríksson, Jóhann Olafsson, Bjarni Benediktsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Guðrún Jónasson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson, Gunnar E. Benediktsson, Olafur Friðriksson, Björn Bjarnason, Aðalbjörg Sigurðardóttir.

Þetta gerðist a fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 1o. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 4. október, 8. liður.

Guðmundur Eiríksson bar fram svo hljoðandi breytingartillögu við fyrri hluta ályktunarinnar í 8. lið:
-Á lóðunum í Norðurmýri, sem ætlaðar eru fyrir serstæð hús, milli 5. og 7. þvergötu sunnan Njálsgötu skal byggja þannig, að auk kjallara, sem ekki má nota til íbuðar, séu í hverju húsi ekki minna en tvær hæðir til íbúðar, en leyfilegt skal að byggja hús með íbúð á 3 hæðum, ef vegghæðin fer ekki yfir 7.5o m. gtá götubrún.

Tillaga um að vísa 8. lið, ásamt tillögu Guðmundar Eiríkssonar til bæjarráðs og byggingarnefndar samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 11ö okt., 5., 17. og 19. liður.
5. liður samþ. með shlj. atkv.
17. liður samþ. með shlj. atkvæðum.
19. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð skolanefmdar frá 10. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar frá 12. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 12. sept., 6. liður(Kosning yfirkennara við Austurbæjarskólann).
Kosningu hlaut : Gísli Jónasson, með 8 arkvæðum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.
Fundi slitið kl. 5.4o.
Bjarni Benediktsson. Jakob Möller. Gunnar E. Benediktsson. Sig. Jóhannesson. Guðm. Eiríksson. Guðm. Oddsson. Ragnhildur Pétursdóttir. Jóhanna Egilsdóttir. Ólafur Friðriksson. Björn Bjarnason. Guðrún Jónasson. Jóh. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935,
fimmtudaginn 7. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jóhann Ólafsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Arngrímur Kristjánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Sigurjóns Stefánssonar o. fl. Garðastræti 40 | 2637 | 65004.00 |
| 2. | Hús Sigurjóns Sigurðssonar, Hverfisgata 37 A | 1335 | 14306.00 |
| 3. | Hús Jóns E. Jónssonar, Bergstaðastræti 24 | 265 | 53443.00 |
| 4. | Hús Bergsveins Guðmundssonar, Ránargötu 4 | 3326 | 9832.00 |
| 5. | Hús Gunnars Vilhjálmssonar við Laugarásveg | 3314 | 2204.00 |
| 6. | Hús Gísla Þorleifssonar, Hringbraut 74 | 2187 | 5480.00 |
| 7. | Hús Geirs Konráðssonar o. fl. Laufásvegur 60 | 3301 | 86320.00 |
| 8. | Hús Jens Bjarnasonar, Hólar við Kleppdveg | 3170 | 50200.00 |
| 9. | Hús Guðlaugs Þorbergssonar o. fl. Frakkastígur 5 | 760 | 27135.00 |
| 10. | Hús Hallgríms Jónssonar, Grundarstígur 17 | 518 | 11974.00 |
| 11. | Hús Bjarna Árnasonar við Kringlumýrarveg | 3322 | 4794.00 |
| 12. | Hús Oddssonar, Hörpugata 29 | 2892 | 6312.00 |
| 13. | Gús Tryggva Ófeigssonar, Hávallagata 9 | 3311 | 52794.00 |
| 14. | Hús Páls Sigurðssonar, Hávallagata æ5 | 3303 | 35204.00 |
| 15. | Hús Jóns Loftssonar, Hávallagata 13 | 2809 | 72244.00 |
| 16. | Hús Jons Sigurðssonar, Hólavallagata 7 | 3310 | 48545.00 |
| 17. | Hús Carls D. Tulinius, Skothúsvegur 14 | 3326 | 70968.00 |
| 18. | Hús Haraldar Arnasonar o. fl. Vallarstræti 4 | 272 | 94375.00 |
| 19. | Hús Kristjáns Ó. Sveinssonar, við Háaleitisveg | 3312 | 10870.00 |
| 20. | Hús Odds Jónssonar, Ljósvallagata 20 | 3325 | 17640.00 |
| 21. | Hús Guðmundar Hliðdals, Fríkirkjuvegur 7 | 3328 | 1860.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 22. | Hús Magnúsar Skólasonar Þvervegur 2 A. | 3329 | 12590.oo |
| 23. | Hús Lúðvígs Sigmundssonar Njálsgata 36 | 3324 | 30230.oo |
| 24. | Hús Einars B. Kristjánssonar, Freyjugata 37 | 3195 | 820.oo |
| 25. | Hús Pálma Loftssonar, Sóleyjargata 19, | 2882 | 1300.oo |
| 26. | Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Hrannarstíg | 3330 | 4956.oo |
| 27. | Hús Högna Halldórssonar, við Langholtsveg | 3211 | 11210.oo |
| 28. | Hús Sigurjóns Eiríkssonar o. fl. Eiríksgata 9 | 3090 | 1120.oo |
| 29. | Hús Guðmundar Jónssonar, Garðastræti 14 | 678 | 1500.oo |
| 30. | Hús Bernhard Petersen, við Þormóðsstaði | 2996 | 12466.oo |
| 31. | Hús Sigurjóns Sigurðssonar o. fl. Grettisgata 10 | 774 | 19740.oo |
| 32. | Hús Friðriks Pálssonar, við Engjaveg | 3044 | 16516.oo |
| 33. | Hús Kristjáns Jónssonar, Bergstaðastræti 72 | 2505 | 29400.oo |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 31. október lögð fram.
1.-11. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að fresta um að fresta 12. lið sam,þ með shlj. atkv.
13.-28. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hlutans í 29. lið felld.
Tillaga minni hlutans í sama lið (að forgarðar skuli vera $2\frac{1}{2}$ m.) samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 18. október lögð fram.
14. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 25. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 1. nóv. lögð fram.
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögur:
1. Bæjarstjórn Reykjavíkur ákveður að í atvinnubótavinnunni skuli goldið kaup samkv. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrún.
2. Bæjarstjórnin samþykkir að fjölga nú þegar í atvinnubótavinnunni upp í 350 manns og upp í 450 manns um næstu mánaðarmót.
Ennfremur að veita aðra hjálp til atvinnuleysingja samkv. kröfum Verkamannafélagsins Dagsbrún.

Fundargerðin samþ. með shlj, atkv.
Tillaga um að vísa fyrri tillögu Björns Bjarnasonar til bæjarráðs samþ. með 9:1 atkv.
Tillaga um að vísa síðari tillögu sama bæjarfulltrúa til bæjarráðs samþ. með 8:1 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Fundargerð skólanefndar frá 21, okt. lögð fram.
7. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 28. okt. lögð fram.

VIII. Fundargerð skólanefndar frá 2. nóv. lögð fram.

IX. Fundargerð stjórnar Eftirlaunasjóðs frá 5. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Tillaga um breytingu á samþykkt um leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga nr.73, 5. nóv. 1927.
Tillagan hljoðar svo: Við 4. gr. 1. malsgr. bætist: Þegar sérstaklega stendur á getur bæjarstjórnin þoö gert leigusamninga um einstakar lóðir þar sem áskilin sé hærri ~~leiga~~ ársleiga en 5% af fasteignamatsverði lóðanna, enda samþykki raðuneyti það, sem fer með sveitastjórnarmál leigumálanna hverju sinni.
Tillagan samþ. með shlj. atkv.

XI. Tillaga að umsögn bæjarstjórnar um uppkast að reglugerð fyrir vinnumiðlunarskrifstofur skv. lögum nr. 4, 9. janúar 1935.
Samþ. með shlj. atkv. að vísa málinu til bæjarráðs til afgreiðslu.

XII. Tillaga um laun stjórnarmanna Vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík skv. lögum nr. 4, 9. janúar 1935, 3. gr. 2. ~~ìþrøtt~~ málsgr.
Svo hljóðandi tillaga samþ. með shlj. atkv.:
-Bæjarstjórn Reykjavíkur telur hæfilegt að þóknun stjórnarmanna Vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík sé ákveðin 6 kr. fyrir hvern stjórnarmann fyrir hvern stjórnarfund.

VIII. Kosning eins manns til þess að semja verðlagsskrá:
KOsningu Hlaut:
Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri
með 8 atkvæðum, en 7 seðlar voru auðir.

XIV. Fátækramál (eftir ósk Björns Bjarnasonar).
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:
-Vegna mikillar hækkunar á ~~nauðsynjavöru~~ ýmsum nauðsynjavörum ákveður bæjarstjórnin að hækka fæðisstyrk til styrkþega upp í 1 krónu á dag fyrir hvern fjölskyldumeðlim.
Ennfremur að verða við beiðni F.S.R. frá síðastliðnu v vori um að minnsta kosti 5 hektara land til matjurtaræktunar.
Fyrri hluti tillögunnar felldur með 8:4 atkv.
Síðari hluti tillögunnar felldur með 8:2 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XV. Þá var dagskrá lokið, en Björn Bjarnason fór þess á leit, að fá að hreyfa máli utan dagskrár. Var það fellt.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.40.

Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Bjarni Benediktsson. Jóh. Ólafsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Jóhanna Egilsdóttir. Jón Axel Pétursson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson. Gunnar E. Benediktsson. Björn Bjarnason. Arngr. Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ari 1935, fimmtudaginn 21. nóv.
var reglulegur fundir haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Jóhann Olafsson, Gunnar E. Benedikrsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Sigurður Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Hermann Jónasson, Björn Bjarnason og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. nóv. lögð fram.
1.-14. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Guðmundar Eiríkssonar í 15. lið samþ. með 10 shlj. atkv.
16. liður samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 8. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 15. nóv. lögð fram.
16. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin heild samþ. með shlj. atkv.

KR. Fundargerð skólanefndar frá 12. nóv. löfð fram.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 18. nóv. lögð fram.

VI. Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurkaupstaðar árið 1934.
Tillaga um að fresta málinu var felld.

Reikningur bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur vatns- og hitaveitu Reykjavíkur árið 1934. Samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Gasstöðvar Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Skipulagssjóðs Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur eftirlaunasjóðs Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur sjúkrahússjóðs Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykningur Barnahælissjóðs Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Barnahælissjóðs Thorvaldsensfélagsins árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Gamalmennahælissjóðs Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur árið 1934, samþ. með shlj. atkv.

Reikningur sjóðsins Hallveig árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur gjafasjóðs Sighvats Bjarnasonar frá 1890 árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur gjafasjóðs Sighvats Bjarnasonar

Reikningur sjoðs alþýðulestrarfélags Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur verðlaunasjóðs H. Th. A. Thomsen árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Minningarsjóðs Ingibjargar Hansen arið 1934 samþ. með shlj. atkv.

VII. Lagður fram til úrskurðar reikningur hafnarsjóðs Reykjavíkur árið 1934.
Reikningur hafnarsjóðs Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur hafnsögusjóðs Reykjavíkur árið 1934 samþ. með shlj. atkv.

VIII. Tillaga um leigumála á nokkrum lóðum í Landakotstúni.
Tillagan er svo hljóðandi:
Bæjarstjórnin ákveður, að um næstu 35 ára skeið, til ársloka 1970, skuli ársleiga eftir þær leigulóðir til íbúðarhúsabygginga, sem á eftir eru greindar, vera 6.36 % af fasteignamatsverði hverrar lóðar.
Á miðju hverju reglulegu reglulegu fasteignamatstímabili samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, er heimillt að meta lóðirnar eftir sömu reglum og fasteignamat væri og af sömu aðilum og miðist þá arsleigan við það mat út fasteignamatstímabilið.
Arsleigan verður verður þó aldrei en 6.36 % af núverandi fasteignamatsverði.
Að liðnum 35 árum verður verður leifumálinu um lóðir þessar samkvæmt samþykkt um leigu á lóðum ~~þessum~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga nr. 73 frá 5. nóv. 1927, eða þeim reglum, sem þá kunna að gilda.
Lóðirnir, sem þessi samþykkt gildir um, eru:

Túngata nr.:31, 33, 35, 37, 39, 4æ, 43.
Hávallagata nr.: 19, 21, 23, 25, 27, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 43, 45, 47, 49, 51, 53.
Sólvallagata nr.: 24, 24 A., 26, 28.

Tillagan samþ. með shlj. atkv.

IX. Kosning niðurjöfnúnarnefndar:
Aðalmenn kosnir af tveim ~~ai~~ listum, án atkvæðagreiðslu:
Sigurbjörn Þorkelsson kaupmaður,
Gunnar viðar hagfr.
Ingimar Jónsson skólastjóri,
Jón Guðjónsson bókari,
Varamenn:
Kosnir af tveim listum, án atkvæðagreiðslu:
Sigurður Kristjánsson alþm.
Sveinn Benediktsson forstjóri
Sigurður Ólafsson gjaldkeri
Kristinn F. Arndal forstjóri.

X. Kosning 2 manna í sáttanefnd og 3 varasáttanefndarmanna til þriggja ára.
Aðalmenn:
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Gunnlaugur Briem lögfræðingur,
Agúst Jósefsson heilbrigðisfulltrúi.
Varanenn:
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Pétur Sigurðsson magister
Olafur Sveinbjörnsson lögfræðingur
Arngrímur Kristjánsson kennari.

XI. Kosning 8 manna í áfengisvarnarnefnd skv. 25. grein ~~laga~~ áfengislaganr. nr. 33, 9. janúar 1935.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Helgi Helgason verzlunarstjóri
Guðrún Jónasson bæjarfulltrúi
Kristiana Benediktsdóttir
Einar Björnsson verzlunarm.
Feliz Guðmundsson
Jónína Jónatansdóttir
Karl Karlsson sjómaður
Jón Brynjólfsson skrifstofustjóri

XII. Fundarályktun frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, dags í dag.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþ. með shlj. að taka málið á dagskrá.
Tillaga um að vísa málinu til bæjarráðs samþ. með ~~shlj.=atkv.~~ 8:5 atkv.

VIII. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).

1. Gísli Jónsson, Bald 31. Erindinu synjað.
2. Hermann Bæringsson, Njarð 33. Erindinu synjað.
3. Stefán Már Beneduktsson. Erindinu synjað.
4. Sigrún Ylleborg, Berg. 36. Erindinu synjað.
5. Sigurður Haraldsson, Bárug. 31. Erindinu synjað.
6. Emil Ulrich Richter, Suð. 26. Erindinu synjað.
7. Ólafur B. Erlingsson, Nkálsg.76. Erindinu synjað.
8. Theodór Johnson. Erindinu synjað.
9. Íslenzk-rússneska verzlunarfélagið h/f. Erindunu synjað.
10. Gísli Þorbjarnarson, Berg. 36. Erindinu synjað.
11. Jón J. Dahlmann. Lvg. 46. Erindinu stbjað.
12. Margrét Zoëga, Njálsg. 11. Erindinu synjað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.4o.

Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Bjarni Benediktsson.
Jóh. Olafsson. Gunnar E. Benediktsson. Sig. Jóhannsson.
Jóhanna Egilsdóttir. Jón Axel Pétursson. Guðm. Eriríksson.
Björn Bjarnason. Ragnhildur Pétursdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1935,
fimmtudaginn 5. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Jóhann Ólafsson, Guðrún J9nasson, Bjarni Benediktsson, Guðmundur R. Oddsson, Sigurður Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Sigurður Jóhannsson, Ragnar Lárusson og Gunnar E. Benediktsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Sigfúsar Johnsem o.fl. Sóleyjargata 7 | 2329 | 74042.00 |
| 2. | Hús Lúðvíks Sigmundssonar, Njálsgata 36 B, | 865 | 7682.00 |
| 3. | Hús Þorvaldar Sigurðssonar, Barónsstígur 12, | 1338 | 22669.00 |
| 4. | Hús bæjarsjóðs Reykjavíkur, Tjarnargötu 12 | 1265 | 182691.00 |
| 5. | Hús Bæjarsíma Reykjavíkur Grettisgata 41A. | 3352 | 2650.00 |
| 6. | Hús sama Óðinsgata 9 | 3353.00 | 2750.00 |
| 7. | Hús Friðriks Welding, Sogabl. XI | 3354 | 3560.00 |
| 8. | Hús h.f. Draupnir, Álfheimar við Sundlaugaveg | 1385 | 6333.00 |
| 9. | Hús Jóns Þorsteinssonar, Íþróttaslóli við Lindargötu | 3315 | 180842.00 |
| 10. | Hús Guðmundar Guðmundssonar o.fl. Grettisgata 19c. | 495 | 10252.00 |
| 11. | Hús Hús Elliheimilisins, Hringbraut 150 | 2719 | 566930.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 14. nóv., 14. liður. Samþ. að verða við beiðni þeirri, sem um ræðir í liðnum.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 22. nóv. lögð fram.

V. Fundargerð bæjarráðs fra 26. nóv. lögð fram

VI. Fundargerð bæjarráðs fra 29. móv. lögð fram. Tillaga um að veita Gunnlaugi E. Briem lausn frá sáttasemjarastarfi samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga um að Ólafur Sveinbjörnsson skuli kosin í sáttanefnd í hans stað samþ. með shlj. atkv.
Samþ. að Gunnlaugur E. Briem skuli taka sæti varamanns í sáttanefnd.

VII. Kosning eins manns í áfengisvarnarnefnd í stað Felixar Guðmundssonar, sem hefir verið skipaður formaður nefndarinnar.
Samþ. með shlj. að taka málið á dagskrá.
Kosningu hlaut Einar Björnsson skrifstofumaður á Vinnumiðlunarskrifstofunni, án atkvæðagreiðslu.

VIII. Frumvarp til fjárhagsáætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1936, fyrri umræða.
Frumvarpið samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.

IX. Frumvarp til fjárhagsáætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs árið 1936, fyrri umræða.
Frumvarpið samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.

Forseti tilkynnti, að breytingartillögur við fjárhagsáætlunina skyldu komnar til borgarstjóra fyrir 13. þ.m.

Fundargerð lesin, staðfest og undirslrifuð.

Fundi slitið kl. 6.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhanna Egilsdóttir. Ragnar Lárusson.
Guðm. Eiríksson. Jóh. Ólafsson. Sig. Jóhannsson.
Ólafur Friðriksson. Guðrún Jónasson. Bjarni Benediktsson.
Guðm. Oddsson. Björn Bjarnason. Gunnar E. Benediktsson.
Sig. Ólafsson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935,
fimmtudaginn 19. desember,
var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

Fundurinn var settur kl. 5.lo síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Jóhann Olafsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Sigurður Jóhannsson, Bjarni Benediktsson,Guðmundur R. Oddsson, Sigurður Olafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sogurðardóttir, Einar Olgeirsson, Jón Axel Péturss og Ragnar Lárusson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 6. des. lögð fram.
Einar Olgeirsson bar fram svo hljoðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn samþykkir að verða nu þegar við beiðni dagsbrúnar eins og þær eru bornar fram í bréfi atvinnuleysisnefndar , dags. 4. þ. m., ofelur borgarstjóra að hefja nú þegar framkvæmd á þeim, serstaklega að
   1) atvinnuleysingjar fái gas, rafmagn og koks ókeypis,
   2) atvinnuleysingjar fái ókeypis mat í mötun eyti er bærinn setji upp nú þegar,
   3) öllum þeim atvinnuleysingjum, er ekki fá atvinnubótavinnu eftir 18. des., sé úthlutað atvinnuleysisstyrk frá bænum, er samsvari minnst kaupi fyrir vikuvinnu fyrir einhleypa og 2 vikum fyrir fjölskyldumenn.
2. Bæjarstjórn ákveður, að allir seþ nú eru í atvinnubótavinnu hjá bænum, og allir, sem verða það það sem eftir er af árinu, fái greitt fullt kaup fyrir vikuna, þótt þeir auðvitað ekki vinni hátíðosdagama.
3. Bæjarstjórn mótmælir því, að 70 manns skuli hafa verið sagt upp í atvinnubótavinnunni og felur borgarstjóra að lata fulla tölu - 460 - manns vinna, það sem eftir er af árinu.
4. Bæjarstjórn felur borgarstjóra að sjá um útborgun til verkamanna í atvinnubótavinnunni - fyrir þá, sem vinna þessa viku -, í síðasta lagi fyrir hádegi á aðfangadag, og fyrir þá, sem vinna næstu viku, í síðasta lagi fyrir hádegi á gamlársdag.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:
-Bæjarstjórnin samþykkir, að byrjað skuli tafarlaust aftur á starfrækslu sandnáms og grjótnáms.

1. tillaga Einars Olgeirssonar felld með 7:2 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. tillaga sama felld með 8:2 atkv.
3. - - - - 8:3 -
Tillaga um að vísa 4. tillögu sama bæjarfulltrúa til bæjarráðs samþ. með 8:1 atkv.

Tillaga Jóns Axels Péturssonar felld með 8:7 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 13. des. lögð fram.
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
-Þar sem vitanlegt er, að fargjöld muni hækka í bænum, ef benzínskatturinn er hækkaður, og ennfremur miklir erfiðleikar verði af slíkri hækkun fyrir bílstjóra, samþykkir bæjarstjórn Reykjavíkur að mótmæla því við Alþimgi, að benzínskatturinn verði hækkaður.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:
-Bæjarstjórnin telur þetta mál utan síns valdsviðs, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Dagskrártillaga borgarstjóra samþ. með 5:3 atkv.

Tillaga Einars Olgeirssonar kom því ekki til atkvæða.

IV. Fundatgerð bæjarráðs frá 16. des. lögð fram.

V. Fundargerð skoólanefndar frá 10. des. lögð fram.
6. og 7. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 16. des. lögð fram.

VII. Frumvarp til fjárhagsáætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1936 (síðari umræða).

Fundarhlé kl. 8.1o - 9.4o.

Kl. 9.4o var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn.

Fundarhlé kl. 1 - 2.

Einar Olgeirsson fór af fundinum kl. 2, en Björn Bjarnason kom í hans stað. Guðrún Jónasson fór kl. 3, en Jakob Möller kom í hennar stað.

Þessar breytingar-og ályktunartillögur komu fram og voru afgreiddar þannig:

Samþ. með shlj. atkv., að listatala frumvarpsins skuli breytast skv. atkvæðagreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tekjur:

Frá Framsóknarfl.
Við I.1. Í stað kr. 2400.oo komi: kr. 1600.oo.
Tekin aftur.
I.1. - 3. Samþ. með shlj. atkv.
Frá Framsóknarflokknum:
Við I.4. Í stað kr. 18000.oo komi: kr. 9000.oo.
Felld með 8:3 atkv.
I.4. Samþ. með shlj. atkv.
I.t. - 8. samþ. með shlj. atkv.
Frá Kommúnistafl.:
Við I.9. Upphæðin verði 53000.oo kr.
Felld með 8:1 atkv.
I.9. samþ. með 9:1 atkv.
Frá Kommúnistafl.:
Við I.1o. Upphæðin verði 100.000.oo kr. Felld með 8:1 atkv.
I.1o. samþ. með 12:1 atkv.
Frá Kommúnistafl.
Við I.11. Liðurinn falli burt.
Fellt með 1o:1 atkv.
I.11. samþ. með 11:1 atkv.
I.12.- V.3. samþ. með shlj. atkv.
Frá Kommúnistafl. :
Við V.4. Liðurinn falli burt.
Felld með 8:5 atkv.
V.4. samþ. með 8:2 atkv.
VI.- VII.1o. samþ. með shlj. atkv.
VIII.2.- 3. samþ. með shlj. atkv.
Frá Alþýðufl.:
Við VIII.4. Nýr liður:
Hluti bæjarins af hátekjuskatti, kr. 150000.oo.
Frá Sjálfstæðisfl.:
-Þar sem telja má víst, að tekjur Reykjavíkurkaupstaðar af hækkuðum tekjuskatti samkv. frumv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun fyrir ríkissjóð, sem nú liggur fyrir Alþimgi, verði eigi greiddar í bæjarsjóð fyrr en á árinu 1937, þykir bæjarstjórninni ó varlegt að ætla bæjar~~gjöldins~~joði tekjur samkv. frumv. á árinu 1936 og ályktar því að vísa tillögunni frá.

Samþ. með 8:7 atkv.

Tillaga Alþýðuflokksins kom því ekki til atkv.

Frá Kommúnistafl.:
Nýr liður IX.1. Lán. Til verkamannabústaða. Sé tekið til að byggja þá, að upphæð 1.000.000.oo kr.
Felld með 8:2 atkv.

Gjöld:

Frá Framsóknarfl.:
Við I.1.a. Í stað 15000.oo komi: 9000.oo.
Felld með 12:1 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I.1.a. samþ. með 12:3 atkv.
Frá Framsóknarfl.:
Við I.1.b. Í stað 9500 komi: 7500.
Felld með 10:1 atkv.
I.1.b. samþ. með shlj. atkv.
Frá Kommúnistafl.:
Við I.1.c. Orðist 15000 kr.
Felld með 11:1 atkv.
I.1.c. samþ. með 11:1 atkv.
I.1.d. - f. samþ. með shlj. atkv.
Frá Kommúnistafl.:
Við I.2.a. Orðist 8000 kr.
Felld með 10:1 atkv.
I.2.a. samþ. með 9:2 atkv.
Frá Kommúnistafl.:
Við I.2.b. Falli burt.
Felld með 13:1 atkv.
Frá Framsóknarfl.:
Við I.2.b. Í stað 9000 komi 8000.
Felld með 10:2 atkv.
I.2.b. samþ. með 10:2 atkv.
Frá Kommúnistafl.:
Við I.2.c. Orðist 6000 kr.
Felld með 11:1 atkv.
I.2.c. samþ. með 12:1 atkv.
Frá Kommúnistafæ.:
Við I.2.d. Orðist 6000 kr.
Felld með 10:1 atkv.
I.2.d. samþ. með 12:1 atkv.
Frá Kommúnistafl.:
| 34. | Hús Jóns Ingimarssonar, Breiðholt, | 1998 | 8611.- |
| 35. | Hús Steindórs Einarssonar á Melunum við Suðurgötu | | 5040.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 6. marz lögð fram.
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á ríkisstjórn að afturkalla þá ákvörðun sína að fjölga lögreglunni í bænum, og verja þeim peningum, sem við það sparast, til atvinnubóta.-
Bæjarstjórn ákveður ennfremur, að verja þeim hluta, sem henni ber að leggja til aukningar lögreglunni, til aukinna atvinnubóta.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

1. Þar sem ekkert liggur fyrir um fjölgun lögrglunnar svo bæjarstjórn se kunnugt, sér bæjarstjórn ekki ástæðu til að taka afstöðu til framkominnar tillögu frá Birni Bjarnasyni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.
2. Bæjarstjórn felur borgarstjóra og bæjarraði að stuðla að því af fremsta megni, að togararnir fari á veiðar nú þegar.

Fyrri tillaga Jóns Axels Péturssonar samþ. með 8:1 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga frá borgarstjóra um að vísa síðari tillögu Jóns Axels Péturssonar til bæjarráðs, samþ. með 8:1 atkv.

Tillaga bæjarráðs í 18. lið samþ með 12:1 atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 10. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs fra 13. marz lögð fram.
7. liður samþ. með shlj. atkv.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
12. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerðir framfærslunefndar frá 5. og 12. marz lagðar fram (Ræddar fyrir luktum dyrum).
Arngrímur Kristjánsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
-Bæjarstjórn samþ. að verða við beiðni Fríman s Einarssonar um styrk til fatakaupa vegna barna hans, er lögð var fram á fundi framfærslunefndar þann 12. marz s.l. og synjað þar með 2 atkv. gegn 2.
Forseti leitaði afbrigða frá fundarsköpum til þess, að tillaga þessi yrði tekin á dagskrá. - Voru afbrigðin samþ. með 7:1 atkv.

Þá bar forseti undir atkvæði, hvort ákvörðun deamfærslunefndar í 11. lið fundargerðar nefndarinnar frá 12. marz skyldi óbreytt standa. Var það samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Ragnar Lárusson, Hafsteinn Bergþórsson, Gunnar E. Benediktsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur Eiríksson.
nei: Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Arngrímur Kristjánsson, Björn Bjarnason, Guðmundur R. Oddsson.

Tillaga Arngríms Kristjánssonar kom því ekki til atkvæða.

Jón Axel Pétursson óskaði bókað: -Þar sem atkvæðagreiðsla um 11. lið fundargerðar framfærslunefndar frá 12. marz hafði farið fram og ákvörðun framfærslunefndar viðvíkjandi 11. lið var greinilega felld með 7:7 atkv., þá mótmæli ég gjörræði því, er forseti framdi með því að láta fara fram nafnakall um áður greindan lið fundargerðar er knúði á þann hátt fram aðra afgreiðslu á málinu, en þegar hafði verið gerð.

VII. Útsvarsmál.
1. Guðmundur Þórarinsson, Öldugötu 47. Samþ. að fella burtu 50 kr. af útsvarsskuæd hans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Theódór Jonasson, Lind. 38. Erindinu synjað.

3. Snorri Halldórsson, Lind. 38. Erindinu synjað.
4. Pétur Kristjánsson, Laug. 76 C. Erindinu synjað.
5. Jón G. Nikulásson, Lokastíg 3. Erindinu synjað.
6. Dánarbú Guðfinnu Sæmundsdóttur. Erindinu synjað.
7. Loftur Þorsteinsson, Mjóstræri 10. Erindinu synjað.
8. Sælgætis- og efnagerðin Freyja. Erindinu synjað.
9. Stefán Stephensen, Bjarkargötu 4. Erindinu synjað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.

Jakob Möller. Guðrún Jónasson. Guðmundur Eiríksson.
Ólafur Friðriksson. Gunnar E. Benediktsson.
Hadsreinn Bergþórsson. Jón Axel Pétursson.
Guðmundur R. Oddsson. Arngrímur Kristjánsson.
Jóhanna Egilsdóttir. Ragnhildur Pétursdóttir.
Ragnar Lárusson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936.
Fimmtudaginn 2. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Eiríksson, Gunnar E. Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Guðeún Jónasson, Jóhann Ólafsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Hafsteinn Bergþórsson, Sigurður Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Einar Olgeirsson, Jakob Möller, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jón Axel Pétursson, Arngrímur Kristjánsson og Ólafur Friðriksson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|
| 1. Hús Kristjáns Þorvarðssonar, Njálsgata 4 B | 1584 | 15225.- |
| 2. Hús Helga Jóhannessonar, Bergþórugata 51 | 2178 | 53656.- |
| 3. Hús Magnúsar Guðmundssonar, Sólvallagata 12 | 1606 | 92890.- |
| 4. Hús Þorvarðar Þorvarðarsonar, Hávallagata 36 | 3341 | 23115.- |
| 5. Hús Ingvars Ólafssonar, Hávallagata 36 | 3342 | 23730.- |
| 6. Hús Sæmundar Pálssonar o. fl. Hringbraut 76 | 3355 | 51305.- |
| 7. Hús Ólafs Ásmundssonar o.fl. Seljavegur 3 A. | 3359 | 42955.- |
| 8. Hús ríkissjóðs, Goodtemplarahúsið Temælarasund | 314 | 41160.- |
| 9. Hús Kexverksmiðjunnar Frón H/f við Skúlagötu | 3349 | 93132.- |
| 10. Hús Chr. Mortensen, við Mjóumýrarveg, 427 | 427 | 5250.- |
| 11. Hús Haraldar Guðmundssonar við Mjóaleitisveg, | 3379 | 800.- |
| 12. Hús Þorbjörns Jónssonar við Háaleitisveg | 3380 | 1926.- |
| 13. Hús Jóns Ingimarssonar, við Ásveg | 1260 | 6655.- |
| 14. Hús Þorsteins Jonssonar, Laugavegur 27 B. | 1081 | 39666.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 29. marz lögð fram.
10. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild Samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 27. marz lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einar Olgeirsson bar fram svo hljoðandi tillögur:
1. Bæjarstjórn felur bæjarraði að gera í samraði við ríkisstjorn ráðstafanir til að auka atvinnuna í bænum og se serstaklega reynt að finna nyjar leiðir til að skapa atvinnu.
2. Bæjarstjórn ákveður að fækka ekki meir í atvinnubótavinnunni en orðið er sökum þess hve atvinnuleysið enn er mikið.
Seu því 200 manns i atvinnubótavinnunni unz bæjarstjorn akveður öðruvísi.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

Tillaga frá borgarstjóra um að vísa fyrri tillögu Einars Olgeirssonar til bæjarráðs samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa síðari tillögu Einars Olgeirssonar til bæjarraðs samþ. með 8:1 atkv.

V. Fundargerðir framfærslunefndar fra 19. og 26. marz lagðar fram (Ræddar fyrir luktum dyrum).

VI. Útsvarsmál.
Kristinn Magnússon ogGísli Ólafsson bakarar.
Samþykkt að heimila bæjarraði að fella burtu útsvarsskuæd þeirra gegn greiðslu á eftirstöðvum á útsvarsskuld þeirra 1934 og 25% af útsvarsskuld 1935 enda verði bú þeirra ekki tekið til gjaldþrotaskipta.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.54.

Jakob Möller. Gunnar E. Benediktsson. Ólafur Friðriksson. Jóh. Ólafsson. Guðrún Jónasson. Ragnhildur Petursdóttir. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Guðm. Eiríksson. Arngrímur Kristjánsson. Hafsteinn Bergþórsson. Sig. Jóhannsson. Einar Olgeirsson. Jón Axel Petursson. Jóhanna Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936,
fimmtudaginn 16. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Jóhann Ólafsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Sigurður Jóhannsson, Bjarni Benediktsson, Ragnar Lárusson, Gúmundur R. Oddsson, Arngrímur Kristjánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Einar Olgeirsson og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. apríl lögð fram.
1.- 9. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að fresta 10. lið samþ. með shlj. atkv.
11.- 16. liður samþí með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 3. apríl lögð fram.
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögur:

Með því að bæjarstjornin álítur mjög alvarlega stöðvun og hnignun í atvinnulífi bæjarins yfirvofandi eins og horfurnar nú eru, ákveður bæjarstjórnin að beita sér fyrir eftirfarandi ráðstöfunum, til þess að draga sem mest úr þeim vandræðum, sem ella myndu af hljótast:

1. Að hefjast nú þegar handa um undirbúning hitaveitu fyrir Reykjavík svo að sem allra fyrst verði hægt að byrja að leggja leiðslur fyrir hitaveituna.
2. Að hefja nú þegar umleitanir um ca. ½ miljón króna lán erlendis og samninga innanlands um tryggingu á yfirfærslu til að greiða það. Sé lánið notað annaðhvort til byggingar bústaða, er bærinn sjálfur eigi, eða byggingafélögum þeirra manna, er byggja vilja ódýrar íbúðir til eigin notkunar, gefinn kostur á að nota það til bygginga.
3. Að hafnarsjóður láti byrja á hinnifyrirhugaða uppfyllingu frá Eimskipafélagsuppfyllingunni oh þangað er kolakraninn stendur.
4. Að hafizt verði handa um garðrækt í stórum stíl við Reykjavík og aðstoði bærinn til þess m. a. með eftirfarandi:
   a. Láti ca. 50 manns í vinnu til að vrjóta land til til garðræktunar og leigi garðana gegn leigu, er rúmlega rentum af tilkostnaði.
   b. leiga af bæjarlandi til garðræktunar sé lækkuð að mun frá því, sem nú er, og leigjendum gefinn kostur á að vinna leiguna af séer hjá bænum.
   c. Bæjarstjórnin ráði séerstakan mann til að leiðbeina fólki ókeypis um garðrækt og jafnframt hafa eftirlit með ~~því~~ að nóg sé til af því sem með þarf.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Bæjarstjórnin skorar á ríkisstjórn að láta nú þegar byrja á þeim vegalagningum í grennd við Reykjavík, sem leggja á í ár.
6. Að skora á ríkisstjórn oh Landsbanka að veita byggingarfélagi símamannaþær tryggingar til yfirfærslu, er með þarf til að hægt sé að byrja að byggja símamannabústaðina.
7. Bæjarstjórn ákveður, að atvinnubótavinnunni sé haldið áfram með minnst 150 manns fyrst um sinn.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:
-Bæjarstjórn Reykjavíkur tekur, að seratake nauðsynberi til að auka og endurnýja toharaflotann með tilliti til atvinnuskilyrða og velfarnaðar allra bæjarbúa.
Bæjarstjórnin samþykkir því að skora á Alþimgi að samþykkja frumvarp það um ríkis- og bæjarábyrgð togara, er fyrir því liggur, tafarlaust.

Fundargerðin samþykkt með shlj. atkv.

Tillaga um að vísa 1.- 6. tillögu Einars Olgeirssonar til bæjarráðs samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að vísa 7. tillögu Einars Olgeirssonar til bæjarráðs ≡ samþ. með 8:2 atlv.
Tillaga Jón Axels Péturssonar felld með 8:7 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 14. apríl lögð fram.
Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 10. lið:

Bæjarstjórn samþykkir að veita Einari Sigurðssyni götuhreinsunarmanni, er nú hefir verið sagt upp starfi, eftir 23 ára samfellt starf hjá bænum, 900 króna árlegan ~~styrk~~ lífeyri.
Til vara kr. 720.oo.

3. liður samþ. með shlj. atkv.
4. liður samþ. með 11:1 atkv.
6. liður samþ. með shlj. atkv.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
Aðaltillaga Jóns Axels Péturssonar felld með 8:7 atkv.
Varatillaga sama felld með 8:7 atkv.

IV. Fundargerð skólanefndar frá 7. apríl lögð fram.

V. Fundargerð framfærslunefndar frá 2. apríl lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.50.

Guðm. Oddsson. Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.
Gunnar E. Benediktsson. Guðrún Jónasson. Jóh. Ólafsson.
Aðalbjörg Sigurðardóttir. Jóhanna Egilsdóttir. Sig. Jóhannsson. Jón Axel Pétursson. Arngr. Kristjánsson.
Einar Olgeirsson. Ólafur Friðriksson. Bjarni Benediktsson.
Ragnar Lárusson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936,
Fimmtudaginn 7. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Gunnar E. Benediktsson, Guðmundur R. Oddsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jóhannsson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason, Arngrímur Kristjánsson, Jón Axel Pétursson og Jóhann Ólafsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Kristjáns Sveinssonar o.fl. Öldugata 9, | 3360 | 74090.- |
| 2. | Hús Ólafs Kvaran, Austurnes við Baugsveg, | 2961 | 3240.- |
| 3. | Hús Helga Eyjólfssonar, Eiríksgata 31, | 3381 | 32752.- |
| 4. | Hús sama, Eiríksgata 33 | 3372 | 47312.- |
| 5. | Hús Ingveldar Eiríksdóttur, Nýlendugata 29, | 3357 | 40030.- |
| 6. | Hús Lárusar Ottesen o. fl. Höfðavík við Suðurlandsveg | 3370 | 19620.- |
| 7. | Hús Guðjóns S. Magnússonar, Grjótagata 9 | 204 | 9530.- |
| 8. | Hús Ólafar Þorbjörnsdóttur, Grettisgata 17 B | 657 | 10570.- |
| 9. | Hús íslenzkudeildar Guðspekisfélagsins Ing. 22 | 1266 | 42052.- |
| 10. | Hús Þuríðar Ólafsdóttur, Njálsgata 37 | 845 | 12930.- |
| 11. | Hús ríkissjoðs Íslands, Þing. 6 | 885 | 104469.- |
| 12. | Hús K. A. Hansen, Eiríksgata 17 | 3-79 | 46190.- |
| 13. | Hús Ingimundur Pétursson, Sólvallagata 45 | 1209 | 9387.- |
| 14. | Hús Guðmundar Jóhannssonar, Þvervegur 12 | 2922 | 430.- |
| 15. | Hús Kristjáns Skagfjörðs Hávallagata 38 | 3343 | 23300.- |
| 16. | Hús Steindórs Ólafssonar, Freyjugata 5 | 1582 | 43480.- |
| 17. | Hús Alþýðuhúss Reykjavíkur h.f. Hverfisgara 10 | 2099 | 285978.- |
| 18. | Hús Ragnars Þórarinssonar, Hávallagata 40 | 3344 | 23300.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 2-. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 24. apríl lögð fram.
15. og 16. liður samþ. með shlj. atkv.
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:

-Bæjarstjórnin samþykkir að halda atvinnubótavinnunni áfram fyrst um sinn, með 100 mönnum.

Tillaga um að vísa þessari tillögu til bæjarráðs samþ. með ~~shlj. atkv.~~ 8:6 atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 4, maí lögð fram.
11. liður samþ. með shlj. atkv.
15. liður samþ. með 10:1 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 27. apríl lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 27. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Kosning tveggja manna í stjórn sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og tveggja endurskoðenda reikninga sparisjóðsins.
Stjórnendur,
kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Helgi Hermann Eiríksson,
Ágúst Jósefsson.
Endurskoðendur:
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Björn Stefensen,
Oddur Olafsson.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 16. apríl lögð fram (Rædd fyrir luktum dyrum).

X. Fundargerð framfærslunefndar frá 30. apríl lögð fram.

XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 4. maí lögð fram.

XII. Fundargerð framfærslunefndar frá 7. maí lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að málið skyldi tekið á dagskrá.
Olafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 2. lið fundargerðarinnar:
Bæjarstjórnin mækir með því, að bætt sé úr fataleysi Jóns frá Hvoli.
Tillaga þessi var felld með 6:6 atkv.

XIII. Útsvarsmál.
1. Árni Ingólfsson, Leifsgötu 5. Erindinu synjað.
2. Dagur Hannesson, Rán. 12. Erindinu synjað.
3. Björn Kolbeinsson, Melavöllum. Erindinu synjað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Dýrunn Jónsdóttir, Hafn. 9. Erindinu synjað.
5. Einar Eiríksson, Sóleyjargata 5. Erindinu synjað.
6. Haraldur Eggertsson, Lækjargötu 12 B. Erindinu synjað.
7. Gunnar Þorsteinsson, Vífilstöðum. Erindinu synjað.
8. Ingvar Ág. Bjarnason, Berg. 52. Erindinu synjað.
9. Kristín Thorberg, Laufásvegi 24. Erindinu synjað.
10. Guðlaugur V. Þorsteinsson, Bar. 41. Erindinu synjað.
11. Markús Ísleifsson, Sólvallagötu 35. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1954.
12. Magnús Magnússon, Laugavegi 136. Erindinu synjað.
13. Marteinn Markússon, Grundarstíg 2 A. Erindinu synjað.
14. Sigurður Guðmundsson, Hringbraut 186. Samþykkt að fella burtu útsvar hans 1934.
15. Steingrímur Oddsson, Tryggvagötu 6. Erindinu synjað.
16. Sigurgeir Albertsson, Seljavegi 27. Erindinu synjað.
17. Sveinbjörn Sæmundsson, Holtsgötu 10. Erindinu synjað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.22.

Guðmundur Ásbjörnsson. Guðmundur Eiríksson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Guðm. Oddsson. Jón Axel Pétursson. Jóhanna Egilsdóttir. Björn Bjarnason. Ragnar Lárusson, Arngrímur Kristjánsson, Jóh. Ólafsson. Sig. Jóhannsson. Ólafur Friðriksson. Gunnar E. Benediktsson. Bjarni Benediktsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936,
fimmtudaginn 4. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjorninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Bjarni Benediktsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Arngrímur Kristjánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, . Guðmundur Asbjörnsson kom kl. 5.45.

Þetta gerðist á dundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Þorláks Björnssonar, Hávallagata 39 | 3364 | 23878.- |
| 2. | Hús Finns Einarssonar, Hávallagata 41 | 3365 | 23878.- |
| 3. | Hús Kristins Kristjánssonar, Hávallagata 53 | 3378 | 24178.- |
| 4. | Hús Péturs Sigurðssonar, Hávallagata 51 | 3377 | 24[illegible]78.- |
| 5. | Hús Þorkels Ingibergssonar o. fl. Egilsgata 14 | 2386 | 34058.- |
| 6. | Hús Sveinbjörns Árnasonar,, Hávallagata 35 | 3362 | 24528.- |
| 7. | Hús Ólafs Nielsen, Hávallagata 37 | 3363 | 23878.- |
| 8. | Hús Þorleifs Gunnarssonar, Hávallagata 31 | 3361 | 23878.- |
| 9. | Hús Guðmanns Hróbjartssonar, Sólvallagata 24 | 3331 | 23590- |
| 10. | Hús Guðmundar S. Guðmundssonar, Sólvallagata 26 | k655 | 23590.- |
| 11. | Hús Þórðar Runólfssonar, Hávallagata 25 | 335 | 23864.- |
| 12. | Hús Þórðar Þorgrímssonar, Ásvallagata 17 | 3323 | 97128.- |
| 13. | Hús Ólafs Arnasonar, Hringbraut 32 | 3320.- | |
| 14. | Hús Halldórs Arnórssonar Grettisgata 2 | 992 | 32155.- |
| 15. | Hús Ásmundar Ólasonar o.fl. Hringbraut 34 | 3384 | 61040.- |
| 16. | Hús Guðmundar Eiríkssonar, Bárugata 40 | 3385 | 47090.- |
| 17. | Hús Einars Kr. Þorsteinssonar, Lindargeta 16 | 465 | 8798.- |
| 18. | Hús Hús Bjarna Benediktssonar við Borgarveg | 3374 | 9910.- |
| 19. | Hús Kristjáns Kristjáns Einarssonar, Vonarland við Sogaveg | 2191 | 1395.- |
| 20. | Hús Halldórs Steinþórssonar, Fálkagata 26 | 1602 | 1493.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 21. | Hús Kristrúnar Jónsdóttur | 1622 | 2910.- |
| 22. | Hús Hús Guðrúnar Daníelsdóttur, Skólavörðustígur 10 | 13 | 2400.- |
| 23. | Hús J. Klejn, Baldursgata 14 | 1511 | 4380.- |
| 24. | Hús Lovise Steinholt, Laufásvegur 2 | 878 | 3584.- |
| 25. | Hús Haraldar Ágústssonar, Hávallagata 19 | 3367 | 24960.- |
| 26. | Hús Ólafs Hálfdánarsonar, Bókhlöðustígur 6 | 332 | 5000.- |
| 27. | Hús Páls Sæmundssonar, Hverfisgata 125 | 876 | 13769.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. maí lögð fraþ og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs/frá 11. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 15. maí lögð fram.
3. liður samþ. með shæj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 22. maí lögð fram.

Jakob Möller bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 15. lið:
-Bæjarstjórn heimilar bæjarráði að greiða Skáksambandinu allt að 700 kr. í því skyni, sem um er beðið.
5. liður samþ. með shlj. atkv.
Tilaga Jakobs Möller samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 29. maí lögð fram.
Jakob Möller bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 15. lið:
-Bæjarstjórnin heimilar bæjarráði að greiða hjúkrunarfélaginu -Líkn allt að 750 kr. aukastyrk á þessu ári og felur jafnframt bæjarráðinu að leita samkomulags við stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur um styrkveitingu til félagsins framvegis.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við sama lið:
-Bæjarstjórn samþykkir að verða við erindi hjúkrunarfélagsins Líkn um aukið fjárframlag til heilsuverndarstöðvar þessarar.

Tillaga Jóns Axels Péturssonar felld með 8:7 atkv.

Tillaga Jakobs Möller samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Fundargerð brunamálanefndar frá 9. maí samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð skólanefndar frá 18. maí lögð fram. 2. liður samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð hafnarstjórnar frá 2. júní lögð fram. Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá. Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

XI. Kosning eins manns í mjólkursölunefnd til eins árs og annars til vara.
Fór fyrst fram kosning aðalmanns.
Kosningu hkaut:
Jakob Möller
með 8 atkv. en 7 seðlar voru auðir.
Varamaður:
Kosningu hlaut:
María Maach.
með 8 atkv., Sigurbjörn A. Gíslason fékk 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

XII. Kosning eins manns í fasteignamatsnefnd og annars til vara.
Aðakmaður var kosinn:
Sigurður Thoroddsen yfirkennari
með 8 atkv. en 7 seðlar voru auðir.
Varamaður kosinn:
Jón Ásbjörnsson hrm.
með 8 atkv. en 7 seðlar voru auðir.

XIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 14. maí lögð fram. Fellt með shlj. atkv. að verða við beiðni þeirri, sem um ræðir í 9. lið.

XIV. Fundargerð framfærslunefndar frá 25. maí lögð fram. 4. liður samþ. með shlj. atkv.

XV. Fundargerð framfærslunefndar frá 28. maí lögð fram. Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá. Fellt með 9:4 atkv. að verða við beiðni þeirri, er um ræðir í 10. lið.

XVI. Þá var dagskrá lokið, en borgarstjóri óskaði að hreyfa máli utan dagskrár.
Var það samþ. með shlj. atkv.
Skýrði hann síðan frá fyrirhugaðri þátttöku bæjarstjórnar í móttöku konungs í ~~sumar~~ þessum mánuði.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskriduð.

Fundi slitið kl. 7.35.

Guðm.Asbjörnss. Jóh. Olafsson. Jón Axel Pétursson. Olafur Friðriksson. Sig.Jóhannsson. Guðrún Jónasson. Bjarni Benediktsson. Jóhanna Egilsdóttir. Gunnar E.Ben. Aðalbjörg Sigurðard. Jakob Möller. Guðm. Oddsson. Björn Bjarnason. Arngr.Kristjánsson. Guðmundur Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1936,
þriðjudaginn 16. júní, hélt bæjarstjórnin aukafund í skrifstofu borgarstjóra.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Guðmundur Eiríksson, Gunnar E. Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Jóhanna Egilsdóttir, Aðalbjö g Sigurðardóttir, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Stefán Jóh. Stefánsson, Bjarni Benediktsson, Ragnar Lárusson, Arngrímur Kristjánsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur veitir hér með borgarritaranum í Reykjavík, Tómási Jónssyni, fullt og ótakmarkað umboð til þess fyrir hönd Reykjavíkurbæjar að meðundirrita 4½ % skuldabréf, dags. 1. janúar 1935samkv. lánssamningi á milli A. B. Stockholms , f.h. sænsks banka- ~~Handelsbank, Kjöbenhavn~~sambands og A.S. Kjöbenhavns Handelsbank, Kjöbenhavm, sem lánveitanda og Reykjavíkurbæjar sem lántakanda, dags. í Stockholm 8. des. 1934. en skuldabréfin eru:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 751 stk. Litt. A | á s. kr. | 5000 | = s.kr. | ~~375000-~~ 3755000- |
| 1945 - - B | - - - | 1000 | = - - | 1945000- |
| | | | | S.kr.5.700000 - |

Jafnframt staðfestir bæjarstjórnin umboð það, sem fyrrv. borgarstjóra, Jóni Þorlákssyni, var á sínum tíma gefið til þess að undirrita framangreind skuldabréf.
Verða skuldavréfin þannig undurrituð með prentuðu nafni Jóns Þorlákssonar og eiginhandarundirskrift ~~Jóns~~ Tómasar Jónssonar.

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

Samþ. með shlj. atkv. að taka fimm fundargerðir nefnda á dagskrá .

II. Fundargerð byggingarnefndar fra 11. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 5. júní lögð fram.
13. liður samþ. með 8:6 atkv.
14.- 15. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 12. júní lægð fram.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð framfærslunefndar frá 4. júní lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Fundargerð framfærslunefndar frá 11. júní lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl, 5.35.

Guðmundur Ásbjörnsson. Jakob Möller. Jóh. Ólafsson.
Sig. Jóhannsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Jóhanna Egilsdóttir. Björn Bjarnason. Bjarni Benediktsson.
Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Axel Pétursson.
Guðmundur Eiríksson. Gunnar E. Benediktsson.
Arngrímur Kristjánsson. Ragnar Lárusson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936,
fimmtudaginn 16. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Sigurður Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Ragnar Lárusson og Ólafur Friðriksson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Þórarins Vigfússonar o. fl. Lindargata 41 | 786 | 36605.- |
| 2. | Hús Sveins Hallgrímssonar, Leitsgata 6 | 3287 | 54000.- |
| 3. | Hús Arnars G. Kristinssonar, Barónsstígur 14 | 689 | 11215.- |
| 4. | Hús Júlíusar Bjarnasonar Hörpugata 27 | 3302 | 12766.- |
| 5. | Hús Sigríðar Húnfjörð, Sogablettur 5 | 2883 | 11676.- |
| 6. | Hús Jóns Vestdals, Hávallagata 21 | 3381 | 26000.- |
| 7. | Hús Helga Jónssonar, Reykjavíkurvegur 26 | 3369 | 8064.- |
| 8. | Hús Hálfdáns Eiríkssonar, við Fossvogsveg | 3391 | 2300.- |
| 9. | Hús Jóns Loftssonar, Hávallagata 13 | 2809 | 1575.- |
| 10. | Hús Ástríðar Guðmundsdóttur, Sogabl. 19 | 3392 | 864.- |
| 11. | Hús Hafsteins Bergþórssonar, Hvammur í Ártúnslandi | 2656 | 3550.- |
| 12. | Hús Steindórs Einarssonar við Sellandsstíg, | 3393 | 5466.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 25. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 26. júlí lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
12. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 3. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 8. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 10. júlí lögð fram.
Björn Bjarnason Bar fram svo hljóðandi tillögu:

-Sökum þess mikla atvinnuleysis, sem enn er í bænum, ákveður bæjarstjórnin að bæta nú þegar 100 mönnum í bæjarvinnuna.

7. liður samþ. með 9:2 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa tillögu Björns Bjarnasonar til bæjarráðs samþ. með 8:4 atkv.

VIII. Fundargerð hafnarsjóðs frá 12. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Kosning eins ~~manns~~ nefndarmanns í Barnaverndarnefnd í stað Sigurðar Jónssonar skólastjóra.
Málið tekið af dagskrá.

X. Sundhöllin. Ráðning starfsfolks.
Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að auglýsa forstjórastöðu við Sundhöllina með tveggja vikna ~~fresti~~ umsóknarfresti.
2. Bæjarstjórnin ályktar, að árslaun forstöðumanns Sundhallarinnar skuli vera kr. 5400.oo.
3. Bæjarstjórnin felur bæjarráðinu að ráða aðra nauðsynlega starfsmenn við Sundhöllina en forstöðumann.

1. tillaga samþ. með shlj. atkv.
2. tillaga samþ. með shlj. atkv.
3. tillaga samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 25. júní lögð fram.
Ályktun nefndarinnar í 1o. lið samþ. með shlj. atkv.

XII. Fundargerð framfærslunefndar frá 4. júlí lögð fram.
Ályktun nefndarinnar í 1. lið samþ. með shlj. atkv.

XIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 9. júlí lögð fram.
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:
-Bæjarstjórnin felur framfærslunefnd, svo framarlega sem hún úthlutar vinnu til manna í þeim tilgangi að þeir vinni af sér styrk frá bænum, að þá sjái hún til þess, að vinnan sé svo stöðug, að vel nægi til framfærslu viðkomandi, og sé honum þannig gert kleyft að komast af án þess að talið sé , að hann njóti styrks frá bænum.
Tillaga þessi var felld með 8:5 atkv.

XIV. ~~Tillaga þessi var felld~~ Útsvarsmál.
1. Gunnar Kristjánsson og Karl Kristjánsson, Njálsgötu 76.
Erindinu synjað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Jóhann Axel Jóhannsson. Erindinu synjað.
3. Jón Jóhannsson, Stýrimannastígg 6. Samþ. með 9:3 atkv. að lækka útsvar hans 1934 um helming.
4. Lúðvík H. Karvelsson, Þingholtsstræti 22. Erindinu synjað.
5. Sigfús Magnússon, Hlíðardal. Erindinu synjað með 8:2 atkv.
6. Sigurður Ágústsson, Leifsgötu 30. Erindinu synjað.
7. Snorri Halldórsson. Erindinu synjað.
8. Sæmundur Sæmundsson, Njálsgötu 48. Samþ. með 9:2 atkv. að lækka útsvar hans 1935 niður í kr. 300.oo.
9. Valgeir Jónsson, Framnesvegi 7. Erindinu synjað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.35.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson. Bjarni Benediktsson. Gunnar E. Benediktsson. Sig. Jóhannsson. Ragnar Lárusson. Guðm. Oddsson. Ólafur Friðriksson. Jóhanna Egilsdóttir. Jón Axel Pétursson. Björn Bjarnason. Sig. Olafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936,
fimmtudaginn 6. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jóhannsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Ragnar Lárusson, Guðmundur R. Oddsson, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason, Arngrímur Kristjánsson, Jón Axel Pétursson og Stefán Jóh. Stefánsson.
Hermann Jónasson kom nokkru síðar.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. júlí lögð fram of samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 15. júlí lögð fram.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 17. júlí lögð fram.
Tillagan í 9. lið samþ. með shlj. atkv.
Samþ. að mæla með beiðni þeirri, sem um ræðir í 10. lið.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 24. júní lögð fram.
Tillaga frá Jakob Möller um að ómagauppbót á laun starfsmanna bæjarins 1936 skuli vera sú sama og greidd eftir sömu reglum og síðastliðið ár.
Samþ. með shlj. atkv..
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 31. júlí lögð fram.
Jakob Möller bar fram svo hljóðandi tillögu:
-Bæjarstjórnin ályktar að vísa tillögu Joöns Axels Péturssonar, skv. 13. lið fundargerðar bæjarráðs frá 31. júlí, til borgarstjóra til afgreiðslu.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:
-Bæjarstjórnin samþykkir að heimila bæjarráði að verja allt að 10 þúsund krónum til atvinnuaúknaingar gegn jöfnu framlagi úr ríkissjóði.

1. liður tekinn af dagskrá.
Fellt með 8:3 atkv. að mæla með umsókninni í 8. lið.

Tillaga Jakobs Möller samþ. með 8:6 atkv.

Tillaga um að vísa tillögu Jóns Axels Péturssonar, sem fram kom á fundinum, til bæjarráðs og 2. umræðu samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Kosning 4 manna í fræðsluráð Reykjavíkur samkv. lögum um fræðslu barna 23. júní 1936 og 4 varamanna.
Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson bæjarfulltrúi,
Bjarni Benediktsson bæjarfulltrúi,
Jón Axel Pétursson,
Steingrímur Steinþórsson.
Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Guðrún Jónasson
Guðmundur Eiríksson
Aðalbjörg Sigurðardóttir
Stefán Jóh. Stefánsson.

VII. Kosning skólanefndar skv. sömu lögum.
a. Kosnir 2 menn í skólanefnd skólahverfis Miðbæjarbarnaskólans og 2 varamanna.
Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Guðrún Pétursdóttir Skólavörðustíg 11
Steingrímur Guðmundsson prentsmiðjustjóri.
Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Guði Jónsson magister
Ólafur Friðriksson bæjarfulltrúi.
b. Kosnir 2 menn í skólanefnd skólahverfis Austurbæjarbarnaskólans og 2 varamenn.
Aðalmenn, kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson
Hallbjörn Halldórsson prentari.
Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Guðrún Geirsdóttir Laufásvegi.
Stefán Pétursson blaðamaður.

c. Kosnir tveir menn í skólanefnd skólahverfis Laugarnesbarnaskóla og 2 varamanna.
Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Hallgrímur Jónsson frá Bakka
Jón H. Guðmundsson prentari.
Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Sigríður Sigurðardóttir Bjargi
Guðmundur R. Oddsson bæjarfulltrúi.

VIII. Kosinn maður í barnaverndarnefnd í stað Sigurðar Jónssonar skólastjóra.
Kosningu hlaut:
Sveinbjörn Jónsson lögfr.
með 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 16. júlí lögð fram.
2. lið frestað.

X. Fundargerð framfærslunefndar frá 23. júlí lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 30. júní lögð fram. Ályktun nefndarinnar í 13. lið samþ. með 7:4 atkv.

XII. Hátíðahöld 18. ágúst.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin felur bæjarráði ákvörðun um hvort- og á hvern hátt minnst skuli af bæjarins hálfu 150 ára kaupstaðarréttinda Reykjavíkur 18. ágúst.

IX.- XII. mál rædd fyrir luktum dyrum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.25.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Guðm. Oddsson.
Björn Bjarnason. Stefán Jóh. Stefánsson. Guðm. Eiríksson.
Guðrún Jonasson. Gunnar E. Benediktsson. Arngr. Kristjánss.
Ragnar Lárusson. Jóhanna Egilsdóttir. Sig. Jóhannsson.
Jón Axel Pétursson. Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1936,
fimmtudaginn 3. sept. var reglulegur fundur haædinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þa komnir , auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Sigurður Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Arngrímur Kristjánsson, Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 1[illegible]. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 7. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 14. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 21. ágúst lögð fram.
Alyktun meiri hlutans í 6. lið samþ. með 7:1 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 28. ágúst lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Út-af ákvörðun skólanefndar Miðbæjarbarnaskólans á fundi 19. ágúst s.l., um að auglýsa til umsóknar yfirkennarastöðu við skólann og ákvörðyn meiri hluta nefndarinnar á fundi 27. sama mánaðar, að ráða Pálma Jósefsson sem yfirkennara við skólann, ákveður bæjarstjórn, að hér eftir skuæi ekkert fast yfirkennaraembætti vera við skólann, auk þess, sem hún vill taka það fram, að hún lítur þannig á, að til þessa hafi engin slík föst staða verið við skólann.

Þar sem staða sú, er meiri hluti skólanefndar segist hafa ráðið Pálma Jósefsson í, er þannig ekki til, lýsir bæjarstjórn yfir því, að hún telur ekki unnt að greiða honum úr bæjarsjóði neina þóknun fyrir þau störf, sem hann kann að inna af hendi samkvæmt þessari ályktun meiri hluta skólanefndar.

Jafnframt heimilar bæjarstjórnin skólastjóra Miðbæjarskólans, í samráði við borgarstjóra, að ráða Elías Bjarnason kennara til aðstoðar við skólastjórnina á sama hátt og Hallgrímur Jónsson hefir áður aðstoðað skólastjóra og skal honum greidd þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Axel Pétursson, bar fram svo hljóðandi tillögu:

Þar sem yfirkennarastöðunni við Miðbæjarskólann er þegar ráðstafað af skólanefnd á löglegan hátt, sér bæjarstjórnin ekki ástæðu til að taka afstöðu til framkominnar tillögu.

Tillaga Jóns Axels Péturssonar felld með 8:5 atkv.

Tillaga borgarstjóra samþ. með ~~shlj. atkv.~~ 8:5 atkv.

1.- 16. og 18. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 17. ágúst lögð fram.
1. - 3. liður samþ. með shlj. atlv.
Tillaga Jakobs Möller í 4. lið samþ. með 8:3 atkv.
Tillaga hafnarstjóra í sama lið kom því ekki til atkvæða.
5. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fræðsluráðs fra 31. ágúst lögð fram.
Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjorn ákveður að verða við samróma óskum skólanefndar og skólastjóra Miðbæjarskólans um skiptingu þess skólahverfis og samþykkir, að Skildinganessbygð og bygðin á Grímsstaðaholti skuli vera sérstakt skólahverfi.
Tillaga meiri hluta fræðsluráðs samþ. með 8:5 atkv.
Tillaga Axels Péturssonar kom því ekki til atkvæða.

IX. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans ~~lögð fram~~ frá 11. ágúst lögð fram.

X. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskolansfrá 12. ágúst lögð fram.

XI. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá 19. ágúst lögð fram.

XII. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá 27. ágúst lögð fram.

XIII. Fundargerð skólanefndar Austurbæjarskólans frá 19. ágúst lögð fram.

XIV. Fundargerð skólanefndar Austurbæjarskólans frá 31. ágúst lögð fram.
Ályktunin í 2. lið samþ. með shlj. atkv.

XV. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 27. ágúst lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XVI. Ráðstöfun forstöðumannsstarfans við Sundhöllina.
Borgarstjóri tilkynnti, að Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn hefði tekið aftur umsókn sína.

Tillaga frá borgarstjóra um að forstöðumaður skuli settur til eins árs frá 1. sept. 1936 samþ. með shlj. atkv.

Fór þá fram kosning, og hlaut kosningu
Ólafur Kr. Þorvarðsson, Brávallagötu 26, með 8 atkv., Hannes M. Þórðarson fékk 3 atkv., Gísli Ólafsson fékk 1 atkv. en 1 seðill var auður..

XVII. Fundargerð framfærslunefndar frá 6. ágúst lögð fram.

XVIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 13. ágúst lögð fram.
Fellt með 9:1 að verða við beiðni þeirri, sem um ræðir í 2. lið .
4. liður samþ. með shlj. atkv.

XIX. Fundargerð framfærslunefndar frá 20. ágúst lögð fram.

XX. Fundargerð framfærslunefndar frá 27. ágúst lögð fram.

XXI. 2. liður fundargerðar framfærslunefndar frá 16. júlí.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Tillaga um að vísa málinu aftur til framfærslunefndar til nánari athugunar samþ.

XXII. Útsvarsmál:
1, Ellea Sveinbjarnardóttir, Ásvallagata 15. Samþ. að lækka útsvar hennar 1936 niður í kr. 220.oo.
2. Belgjagerðin. Samþ. að lækka útsvarið 1935, niður í kr. 200.oo
3. Eyjólfur Guðmundsson, Þórsgötu 7 A. Erindinu synjað.
4. Friðrik Jóhannsson, Bræðraborgarstíg ~~17~~ 15. Samþ. að lækka útsvar hans 1936 niður í kr. 100.oo.
5. H/f. Hampiðjan. Erindinu synjað.
6. Haraldur Guðmundsson, Ásvallagötu 23. Samþ. með 10:1 atkv. að lækka útsvar hans 1935 niður í kr. 100.oo.
7. Jóakim Pálsson, Njálsgötu ~~35~~ 75. Erindinu synjað.
8. Kjartan Milner, Leifsgötu 32. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans frá 1935, kr. 95.oo.
9. Páll Stefánsson, Bergþórugötu 14. Erindinu synjað .
10. Sigurður Jónsson, Hoætsgötu 31. Erindinu synjað.
11. Þorgeir Arnason, Grettisgötu 60. Samþ. að lækka útsvar hans 1936 niður í kr. 80.oo.
12. Vilhjálmur Kristjánsson, Grundarstíg 10. Erindinu synjað.
13. Bjarni Einarsson, Baædursgötu 10. Erindinu synjað.
14. Stefán Elísson, Holtsgötu 3æ. Erindinu synjað.
15. Sigurrós Kristjánsdóttir, Öldugötu 5. Erindinu synjað.
16. Sigurður Sveinbjörnsson, Þingholtsstræti 26. Erindinu synjað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Oddrún Jónsdóttir, db., Brunnstíg 9. Erindinu synjað.
18. Sigríður Pálsdóttir, Njarðargötu 35. Erindinu synjað.
19. Ingvar Jónsson, Laugavegi 141. Erindinu synjað.
20. Einar Jónsson, Reykjavíkurvegi 3. Erindinu synjað.

XVII.- XXII. mál rædd fyrir luktum dyrum.

Fundargerðin lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.2o.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Guðm. Oddsson.
Jóh. Ólafsson. Gunnar E. Benediktsson. Jóhanna Egilsdóttir.
Bjarni Benediksson. Guðrún Jónasson. Arngr. Kristjánsson.
Guðm. Eiríksson. Sig. Ólafsson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1936,
fimmtudaginn 17. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar :
Guðmundur Asbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Olafsson, Gunnar E. Benediktsson, Sigurður Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Ragnar Lárusson, Guðmundur R. Oddsson, Arngrímur Kristjánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson, Ólafur Friðriksson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Kristjáns Bergssonar, Skothúsvegi 2 | 1353 | 47684.- |
| 2. | Hús Geirs Gunnlaugssonar, Eskihlíð A | 357 | 9860.- |
| 3. | Hús Jóns Baldvinssonar, Miðstræti 10 | 831 | 54656.- |
| 4. | Hús Páls Kr. Árnasonar, Fossvogsbl. XXXVI. | 3389 | 3290.- |
| 5. | Hús Óskars Bjartmarz, Fossvogsbl. VII. | 3368 | 3408.- |
| 6. | Hús Gunnlaugs Kristinssonar o.fl. Nýlendugata 20 | 628 | 51845.- |
| 7. | Hús Ingþórs Sigurbjörnssonar, Sogamýrarbl. 45 | 8402 | 4426.- |
| 8. | Hús h.f. Gler við Þvergötu | 3358 | 65076.- |
| 9. | Hús Luthers Hróbjartssonar Háaleitisveg | 3403 | 1821.- |
| 10. | Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Vallarstræti | 3404 | 5082.- |
| 11. | Hús sama, Ránargata 10 | 3405 | 6258.- |
| 12. | Hús db. Guðmundar Þorsteinssonar, Ránargata 10 | 1580 | 3305.- |
| 13. | Hús P.L.Mogensen, Aðalstræti 4 | 2815 | 4420.- |
| 14. | Hús Einars Sveinssonar, Sólvallagata 36 | 3387 | 25955.- |
| 15. | Hús Árna Guðmundssonar, Sólvallagata 38 | 3388 | 26265.- |
| 16. | Hús Sigurðar Sigurðssonar, B gata 16 | 3415 | 20256.- |
| 17. | Hús Magnúsar Pálmasonar, B-gata 14 | 3414 | 20256.- |
| 18. | Hús Torfa Guðbjörnssonar o. fl. Laugavegur 98 | 3416 | 61050.- |
| 19. | Hús h.f. Lakkrísgerðin, Vitastígur 3 | 3375 | 64308.- |
| 20. | Hús Páls Einarssonar, Eiríksgata 23, | 574 | 2500.- |
| 21. | Hús h.f. Isaga við Rauðarárstíg | 1489 | 16100.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 22. | Hús Friðriks Þorsteinssonar, við Tryggvagötu | Brbnr. 3420 | Kr.: 19535.- |
| 23. | Hús Slippfélagsins við Mýrargötu | 737 | 2230.- |
| 24. | Hús Einars Magnússonar, við Skúlagötu | 1140 | 1335.- |
| 25. | Hús h.f. Ofnasmiðjan, við Háaleitisveg | 3421 | 21409.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. september lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 4. september lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 11. september lögð fram.

Bjarni Benediktsson bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. ~~dóms==og~~ Þar sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefir samkv. lögum um lögreglumenn, nr. 92, 19. júní 1933, óskað tillagna bæjarstjórnarinnar um fjölgun lögregluþjóna í Reykjavík, leggur bæjarstjórnin til, að tala lögregluþjóna í bænum verði ákveðin fyrst um sinn frá næstu áramótum alls 54, enda verði 1/6 hluti liðsins lögreglumenn ríkisins samkvæmt nefndum lögum. Samkv. þessu verði settir 14 nýir lögregluþjónar hér í bænum frá 1. jan. n.k.
2. Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að ráða mann til þess að hafa með höndum stjórn námskeiða og arvinnu fyrir atvinnulausa æskumenn hér í bænum á komandi vetri með Vilhjálmi S. Vilhjálmssyni blaðamanni, sem atvinnumálaráðherra hefir útnefnt til starans fyrir sína hönd.

Fyrri tillagan samþ. með 7:2 atkv.
Síðari tillagan samþ. með 8:3 atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá 5. sept. lögð fram.

VI. Kosinn eftirlitsmaður með fóðurásetningi og sauðfjárböðunum.
Kosningu hlaut:
Sigurður Gíslason lögregluþjónn
með 8 atkv. en 5 seðlar voru auðir.

VII. Fundargerð framfærslunefndar frá 3. september lögð fram.

VIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 10. september lögð fram.

IX. 2. liður fundargerðar framfærslunefndar frá 16. júlí.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samp. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

Fellt með 8:3 atkv. að verða við beiðni þeirri, sem um ræðir í liðnum.

X. Útsvarsmál.
Bjarni Guðnason, Kaupmannahöfn.
Erindinu synjað.

VII.- X. mál rædd fyrir luktum dyrum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Sig. Jóhannsson. Arngr. Kristjánsson. Ólafur Friðriksson. Bjarni Benediktsson. Guðm. Eorílsson. Jóhann Ólafsson. Gunnar E. Benediktsson, Ragnar Lárusson. Jón Axel Pétursson. Jóhanna Egilsdóttir. Guðm. Oddsson.

mg. Þór

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1936,
fimmtudaginn 1. okt.
var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Jóhann Olafsson, Bjarni Benediktsson, Gunnar E. Benediktsson. Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Sigurður Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist a fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 24. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 18. sept. lögð fram.
7. liður, með þeirri breytingu, að í stað 300 kr. komi: 3000 kr. samþ. með 9:1 atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 25. sept. lögð fram.
Sigurður Ólafsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir að fjölga nú þegar í atvinnubótavinnunni um 40 manns til viðbótar þeirri tölu bæjarráð þegar hefir ákveðið.

Tillaga þessi var felld með 8:6 atkv.

Tillaga um að 7. liður skuli ræddur fyrir luktum dyrum síðar á fundinum. Samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð brunamálanefndar frá 23. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar Austurbæjarskólans frá 22. sept. lögð fram.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 28. sept. lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð stjórnar Eftirlaunasjóðs lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarbarnaskólans frá 23. sept. lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

IX. Tillaga viðvíkjandi húsnæði fyrir veitinga- og greiðasölustaði í bænum.
Ályktanir í fundargerð bæjarráðs frá 30. sept. samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X. Tillaga um breytingu á~~a~~ reglugerð um niðurjöfnun - innheimtu vatnsskatts.
Tillögurnar færðar inn á eftir. fundargerðinni.
Málið samþ. til 2. umræðu með shlj. atkv.

~~XI. Fundargerð framfærslunefndar~~

XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 17. sept. lögð fram.

XII. Fundargerð framfærslunefndar frá 24. sept. lögð fram.
Fellt með 8:4 atkv. að verða við beiðni þeirri, sem um ræðir í 13. lið.

XIII. 7. liður fundargerðar bæjarráðs frá 26. sept.
Jon Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

-Bæjarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að athuga, hvort og við gvaða verði eigendur eða kröfuhafar vilja láta af hendi Sjúkrahús Hvítabandsins. Jafnframt felur bæjarstjórn borgarstjóra og bæjarráði að athuga hvort ekki er hentugt fyrir bæjarsjóð að kaupa umrædda húseign og hvort ekki er unnt á hagkvæman hátt að starfrækja farsóttahúsið í sambandi við áðurgreint sjúkrahús.

Bjarni Benediktsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

-Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og bæjarráði að gæta hagsmuna bæjarsjóðs og bæjarfélagsins, ef félagið lendir algerðu fjárþroti.

Samþ. með 9:5 atkv. að verða við beiðni þeirri, sem um ræðir í dagskrárliðnum.

Tillögur Jóns Axels Péturssonar og Bjarna Benediktsdonar komu því ekki til atkvæða.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.56.

Guðm. Asbjörnsson. Guðrún Jónasson. Jón Axel Pétursson.
Jóhanna Egilsdóttir. Sig. Ólafsson. Guðm. Oddsson.
Ólafur Friðriksson. Jóh. Ólafsson. Jakob Möller.
Gunnar E. Benedikrsson. Bjarni Benediktsson.
Guðmundur Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936,
fimmtudaginn 15. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jóhannsson, Bjarni Benediktsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Einar Olgeirsson og Jón Axel Pétursson.
Jóhann Ólafsson kom rétt eftir fundarsetningu.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Bergs Einarssonar, Vatnsstígur 7 B, | 1226 | 59619.- |
| 2. | Hús Alex Bridde, sumarbústaður við Elliðaár | 3135 | 2970.- |
| 3. | Hús Verzl. Jóns Þórðarsonar, Norðurstígur 5 | 699 | 27253.- |
| 4. | Hús Aðalsteins Pálssonar, Hávallagata 3 | 3432 | 40072.- |
| 5. | Hús Eiríks Magnússonar við Kleppsveg | 3433 | 12692.- |
| 6. | Hús Högna Halldórssonar, fuglahús við Langholtsveg, | 3211 | 14042.- |
| 7. | Hús Ketils Þórðarsonar, D-gata 3 | 3434 | 23506.- |
| 8. | Hús Þorláks Ottesen, sumarbústaður við Bústaðaveg | 3382 | 4270.- |
| 9. | Hús Þorbjörns Jónssonar, fuglahús við Háaleitisveg | 3380 | 2900.- |
| 10. | Hús Guðmundar J. Breiðfjörð, Laufásvegur 4 | 552 | 2875.- |
| 11. | Hús Hannesar Pálssonar, Hringbraut 155 | 3398 | 31670.- |
| 12. | Hús Árna og Ólafs Tryggvasona, Sóleyjargata 23 | 3407 | 60414.- |
| 13. | Hús Steinunnar Thorlacius o. fl. Hringbraut 157 | | 31670.- |
| 14. | Hús Stefáns Þórðarsonar, Hávallagata 11 | 3406 | 50734.- |
| 15. | Hús Þuríðar Halldórsdóttur, Skólavörðustígur 33 | 538 | 23120.- |
| 16. | Hús Pálma Loftssonar, bílskúr við Sóleyjargötu 19 | ~~1450~~ | 1450.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. október lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Fundargerð bæjarráðs frá 2. október lögð fram.
8. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerðs frá 9. okt. lögð fram.
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn álítur sanngjarna þá tillögu Verkamannafélagsins Dagsbrún að hafður sé í atvinnubótavinnu minnst helmingur þess fjölda, sem skráður er atvinnulaus á Vinnumiðlunarskrifstofunni og ráðningarstofu bæjarins og felur því bæjarráði að framfylgja þessu og hækka nú þegar tölu verkamanna í atvinnubótavinnunni upp í minnst 250 manns.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir. að teknir skuli aftur í bæjarvinnuna verkamenn þeir, sem sagt var upp í þessari viku, og verði þeir látnir vinna að hinum ýmsu ~~framkvæmdum~~ verklegu framkvæmdum, sem fjárhagsáætlun ferir ráð fyrir og eftir því sem hún leyfir.

Jóhanna Egilsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir að greiða sjúkrasamlagsgjöld fólks yfir 60 ára, sem að dómi framfærslunefndar eigi getur greitt gjöldin sjaölft.

16. liður samþ. með shlj. atkv.
17. liður samþ. með 11:2 atkv.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 20. lið:

Bæjarstjórnin heimilar bæjarráðinu að ákveða um þátttöku af hálfu bæjarráðs á kostnaði við námskeið fyrir lögregluþjóna og að ákveða af hennar hálfu um fyrirkomulag þess.

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

Tillaga um að vísa tillögu Einars Olgeirssonar til bæjarráðs samþ. með 8:4 atkv.

Tillaga um að vísa tillögu Jóns Axels Péturssonar til bæjarráðs samþ. með 8:7 atkv.

Tillaga Jóhönnu Egilsdóttur feæed með 7:7 atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 13. okt. lögð fram.

VI. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 2. okt. lögð fram.

VII. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 13. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkví

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá lo. okt. lögð fram.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin ályktar að ráða Kolbein Guðmundsson til þess að kynda miðstöð Miðbæjarskólans fyrst um sinn gegn 200 kroa greiðslu á mánuði.

Jon Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn lítur svo á, að skólanefnd Miðbæjarskólans hafi heimild til að ráða kyndara fyrir Miðbæjarskólann og sér því ekki ástæðu til að taka afstöðu til framkominnar tillögu.

4. liður samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Jóns Axels Péturssonar felld með 8:6 atkv.

Tillaga borgarstjora samþ. með 8:5 atkv.

IX. Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurkaupstaðar árið 1935.

Reikningur bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1935 samþ. með shlj. atkv.

Reikningur Vatns- og Hitaveitu Reykjavíkur árið 1935
samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Gasstöðvar Reykjavíkur árið 1935
damþ. með shlj. atkv.
Reilningur Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1935
samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Skipulagssjóðs Reykjavíkur árið 1935
samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Eftirlaunasjóðs Reykjavíkur árið 1935
samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Sjúkrahússjóðs Reykjavíkur árið 1935
samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Barnahælissjóðs Reykjavíkur árið 1935
samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Barnahælissjóðs Thorvaædsensfélagsins
árið 1935 samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Gamalmennahælissjóðs Reykjavíkur 1935
samþ. með 10:1 atkv.
Reikningur Blómsveigasjóðs Þorbjargar Sveinsdóttur
árið 1935 samþ. með shlj. atkv.
Reikningur sjoðsins Hallveig árið 1935
samþ. með shlj. atkv.
Reikningur gjafasjoðs Sighvats Bjarnasonar frá 1890
áríð 1935 samþ. með shlj. atkv.
Reikningur sjóðs Alþýðulestrarfélags Reykjavíkur
árið 1935 samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningur verðlaunasjóðs H. Th. A. Thomsen
árið 1935 samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Minningarsjóðs Ingibjargar Hansen
árið 1935 samþ. m ð shlj. atkv.

X. Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurhafnar árið 1935.

Reikningur hafnarsjóðs Reykjavíkur og hafnsögusjóðs Reykja íkur árið 1935 samþ. með shlj. atkv.

XI. Frumvarp að reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts - 2. umr.
Frumvarpið samþ. með shlj. atkv.

XII. Tillaga um a veita sjúkrahúsi Hvítabandsins fjárstyrk - 2. umræða.
Tilla an samþ. með 10:5 atkv.

XIII. Kosning tveggja endurskoðenda fyrir Sparisjoð Mjólkurfélags Reykjavíkur.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Kristján Karlsson framkvæmdastjóri.
Stefán Pétursson blaðamaður.

XIV. Fundargerð framfærslunefndar frá 1. okt. lögð fram.

XV. Fundargerð framfærslunefndar frá 8. okt. lögð fram.

XVI. Útsvarsmál.
Magnús Guðmundsson skipasmiður.
Samþ. að fella burtu helming af utsvarsskuld hans frá 1933-34, og ennfremur alla dráttarvexti af þeirri skuld.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.44.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Aðalbjörg Sigurðardóttir.
Stefán Jóh. Stefánsson. Jóh. Olafsson. Bjarni Benediktsson.
Guðrún Jónasson. Gunnar E. Benediktsson. Guðm.Eiríksson.
Jóhanna Egilsdóttir. Ólafur Friðriksson. Einar Olgeirsson.
Jón Axel Pétursson. Guðm. Oddsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936,
fimmtudaginn 5. nóv., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5. síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jonsson, Sigurður Jóhannsson, Arngrímur Kristjánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Þorlákur Ottesen, Einar Olgeirsson, Guðmundur R. Oddsson og Jakob Möller.- Sigurður Jóhannsson fór kl. 6.1o, en Jóhann Ólafsson kom í hans stað.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|
| 1. Hús Bjarna Guðmundssonar, Leifsgata 13 | 3437 | 4446-.- |
| 2. Hús Jónatans Hallvarðssonar, E-gata 4 | 3446 | 29790.- |
| 3. Hús Elíasar Dagfinnssonar, C-gata 1 | 3431 | 25222.- |
| 4. Hús Gísla Eiríkssonar, C-gata 3 | 3430 | 25992.- |
| 5. Hús Helga Eyjólfssonar, Njálsgata 102 | 3408 | 50348.- |
| 6. Hús sama, Njálsgata 104 | 3409 | 36085.- |
| 7. Hús Jóns Axels Péturssonar, Hringbraut 153 | 3396 | 28464.- |
| 8. Hús Odds Ólafssonar, , Hringbraut 151 | 3397 | 29368.- |
| 9. Hús Ágústs Ólafssonar, D-gata 7 | 3435 | 24664.- |
| 10. Hús Ásgeirs Jónssonar, Hörpugata 34 | 3442 | 19606.- |
| 11. Hús Ágústs Jónssonar, Mjóstræti lo | 506 | 531o.- |
| 12. Hús Guðmundar Guðjónssonar, B-gata 21 | 3419 | 29770.- |
| 13. Hús Ólafs M. Jónssonar, B-gata 3 | 3436 | 26252.- |
| 14. Hús Sigurðar J. Norland, Þórsgata 8 | 1717 | 64488.- |
| 15. Hús Björns Erlendssonar, B-gata 4 | 3425 | 24416.0 |
| 16. Hús Hallfríðar Þorsteinsdóttur, Lokastígur 25 | 1525 | 19702.- |
| 17. Hús Róberts Þorbjörnssonar, Grettisgata 54 | 729 | 28190,- |
| 18. Hús Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík Garðastræti 36 | 3390 | 33235.- |
| 19. Hús Árna Pálssonar, Barónsstígur55 | 3136 | 44970.- |
| 20. Hús Sigvalda Sveinbjörnssonar, Lindargata 27 | 484 | 12605.- |
| 21. Hús Axels Skúlasonar, Sogamýrarblettur 55 | 3412 | 2660.- |
| 22. Hús Guðnýjar Vilhjálmsdóttur, Lokastígur 7 | 2321 | 38520.- |
| 23. Hús Jóns Collin o. fl. Laugarnesvegur 34 | 3443 | 21950.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 24. | Hús Kristrúnar Einarsdóttur, B-gata 2 | 3413 | 24336.- |
| 25. | Hús Ludvigs Storr, Laugavegur 15 | 233 | 174275.- |
| 26. | Hús Valgeirs Jónssonar, D-gata 5 | 3423 | 23724.- |
| 27. | Hús Elíasar Hjörleifssonar, Njálsgata 94 | 3422 | 34506.- |
| 28. | Hús Haraldar Sæmundssonar, B-gata 1 | 3444 | 26362.- |
| 29. | Hús Axels Skúlasonar o. fl., Baldursgata 19 | 1701 | 19311.- |
| 30. | Hús Sigmars Kristinssonar, D-gata 1 | 3445 | 23576.- |
| 31. | Hús bæjarsjóðs Reykjavíkur, Sundlaugin v. Sundlaugaveg | 1404 | 21779.- |
| 32. | Hús Guðna Bjarnasonar o. fl. Njálsgata 92 | 3427 | 49856.- |
| 33. | Hús Hins íslenzka dteinoæíufélags Hafnarstræti 23 | 129 | 53482.- |
| 34. | Hús Sigurðar Kristjánssonar, Fossvogsblettur 55 | 3447 | 2390.- |
| 35. | Hús Péturs Kristjánssonar o.fl., Ásvallagata 22 | 3448 | 49542.- |
| 36. | Hús Sigvalda Jónssonar, Laugarnesvegur 88 | 3439.- | |
| 37. | Hús H.Í.S. Hafnarstræti 23A. | 1103 | 22680.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 22. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 16. okt. lögð fram. Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn felur borgarstjóra að láta fjölga í atvinnubótavinninni upp í 300 manns nú þegar.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

Tillaga um að vísa tillögu Einars Olgeirssonar til bæjarráðs samþ. með 8:5 atkv.

V. Fundargerð bæjarraðs frá 28. okt. lögð fram.

Arngrímur Kristjánsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

-Út af 10. lið í fundargerð bæjarráðs frá 23. okt. Samþykkir bæjarstjórn að verða við einróma tilmækum skólanefndar Miðbæjarskólans um að leigja húsnæði í húsinu Baugsvegi 7, til matgjafa fyrir fátæk skólabörn í Skildinganes- og Grímstaðaholtsskólahverfi og felur borgarstjóra og formanni skólanefndar að ganga frá samningi þar að lútandi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhanna Egilsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

-Bæjarstjórn samþykkir að hefja nú þegar atvinnubótavinnu fyrir konur, minnst 30 til að byrja með.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

Tillaga um að vísa tillögu Arngríms Kristjánssonar til bæjarráðs var felld.

Tillagan sjálf felld með 6:5 atkv.

Tillaga um að vísa tillögu Jóhönnu Egilsdóttur til bæjarráðs samþ, með 5:3 atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 30. okt. lögð fram. Samþ. með 6:4 atkv. að verða við þeim tilmælum, sem um ræðir í 16. lið, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: Jakob Möller, Sigurður Jóhannsson, Þorlákur Ottesen, Sigurður Jónsson, Guðmundur Eiríksson, Guðmundur R. Oddsson.

nei: Gunnar E. Benediktsson, Arngrímur Kristjánsson, Guðmundur Asbjörnsson, Guðrún Jónasson.

Jóhanna Egilsdóttir, Bjarni Benediktsson og Einar Olgeirsson greiddu ekki atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð brunamálanefndar frá 23. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 20. október lögð fram.

IX. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá 20. okt. lögð fram.
4. liður samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð skólanefndar Austurbæjarskólans lögð fram.
5., 6. og 7. liður samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 2. nóv. lögð fram. Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin lýsir óánægju sinni yfir því, að ellistyrkurinn verði tekinn fyrst og fremst handa þeim, er séu á sveitarframfæri, og - sé þetta lögum samkvæmt, - þá skorar bæjarstjórnin á atvinnumáiaráðherra að gera strax með bráðabirgðalögum breytingar á lögunum í þá átt að tryggja úthlutun ellistyrksins fyrst og fremst til þeirra, sem ekki hafa sveitarstyrk fram að þessu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhanna Egilsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

-Bæjarstjórnin lýsir fylgi sínu við tillögur Arngríms Kristjánssonar, er um getur í fundargerð framfærslunefndar frá 2. nóv. s.l.

Arngrímur Kristjánsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

-Bæjarstjórnin mælist til þess við framfærslunefnd, að gæta svo réttar gamalmenna, er notið hafa ellilauna áður, að þeirra hlutur , við skipti elli- og örorkustyrksins, verði ekki lægri en sá sami - er þau hlutu 1935, að viðbættum 25%= 50 % og sjúkrasamlagsgjaldi.

Tillaga Einars Olgeirssonar felld með 8:2 atkv.

Tillaga Jóhönnu Egilsdóttur felld með 8:5 atkv.

Tillaga um að vísa tillögu Arngríms Kristjánssonar til framfærslunefndar samþ. með 8:5 atkv.

XII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 3. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 15. okt. lögð fram.

XIV. Fundargerð framfærslunefndar frá 22. okt. lögð fram.

XV. FFundargerð framfærslunefndar frá 29. okt. lögð fram.

XVI. Útsvarsmál.

1. Þorgeir Pálsson. Samþ. að lækka útsvar hans 1936 niður í kr. 1.400.oo.
2. Vilborg Jónsdóttir, Ingólfsstræti 3. Erindinu synjað.
3. Þorgils Bjarnason, Lind. l. D. Erindinu synjað með 9:2 atkv.
4. Þóra Ingimundardóttir, Klapparstíg 5. Erindinu synjað með 8:5 atkv.
5. Tómas Albertsson, Tómasarhaga. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans 1934-1935 gegn greiðslu á kr. 30.oo
6. Sveinbjörg Vigfúsdóttir, Hávallagötu 5. Erindinu synjað.
7. D.b. Sæmundar Bjarnhéðinssonar. Samþ. að fella útsvarsskuldina niður.
8. D.b. Guðmundar Ólafssonar. Samþ. að lækka útsvarsskuldina niður í kr. 500.oo.
9. Stefán Guðnason, Berg 17. Erindinu synjað.
10. Helgi Sivertsen, Asvaææagata 14. Erindinu synjað.
11. Soffía Brandsdóttir, Nýja Kleppi. Erindinu synjað.
12. Sigurður Sveinbjörnsson, Laugavegi 147. Samþ. að fella burt drá tarvexti af útsvarsskuld hans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Sigurður Jónsson, Görðum. Tillaga um að fella burtu útsvarsskuld hans frá 1935 og eldri gegn greiðslu á kr. 1200.oo felld með 6:5 atkv.
Tillaga um að fella byrtu sömu skuld gegn greiðslu á kr. 500.oo samþ. með 6:5 atkv.
14. Sigurfinnur Hallvarðsson, Vit. 11. Samþ. að lækka útsvar hans 1935 niður í kr. 200.oo.
15. Rósa Björnsdóttir, Njálsg. 4 B. Erindinu synjað.
16. Pálmi Pálmason, Skálholtsstíg 2 A. Samþ. að lækka útsvar ha s 1935 um kr. 50.oo .
17. Hárgreiðslustofan Ondúla . Erindinu synjað.
k8. D.b. Matthíasar Ólafssonar. Samþ. að fella útsvarsskuldina niður.
19. Brjóstsykursgerðin Nói. Erindinu synjað.
20. Magnús V. Guðmundsson, Laugavegi 143. Erindinu synjað.
21. Magnús Magnússon, Frakkastíg 20. Erindinu synjað.
22. Þuríður Sigurjónsdóttir, Barónsstíg 18. Erindinu synjað.
23. Vilhelmína Jónsdóttir, Leifsgötu 5. Erindinu synjað.
24. Júlíus Kolbeins, Túngötu 31. Erindinu synjað.
25. Oddur Kristjánsson, Leifsgötu 8. Erindinu synjað.
26. Jóhannes Magnússon, Brávallagata 10. Erindinu synjað.
27. Árni Sigurðsson, Grjótagötu 5. Erindinu synjað.
28. Helgi Guðmundsson, Ingólfsstræti 6. Erindinu synjað.
29. D.b. Sigurður Breiðfjörð . Samþ. að fella burtu útsvarsskuækina.
30. Atli Ólafsson, Laugavegi 38. Erindinu synjað.
31. Albert Jónsson, Bræðr .15. Erindinu synjað.
32. Björn Friðriksson, Kárastíg 8. Erindinu synjað.
33. D.b. Eggert Brieþ. Samþ. að lækka útsvarið 1936 niður í kr. 400.oo.
34. Einar Kr. Auðunsson, Barónsstíg 30. Erindinu synjað.
25. Emolía Benedikts óttir, Grettisg. 16. Erindinu synja-.
36. Eyjolfur Þorsteinsson, Laufásvegi 60. Erindinu synjað.
37. Guðni Ólafsson, Garðastræti 39. Erindinu synjað.
38. Guðríður Helgadóttir, Lind. 8 A. Erindinu synjað.
29. Gunnar Þorsteinsson, Vífilsstöðum. Erindinu synjað.
40. Helga G. Finnbogadóttir, Baldursgötu 23. Erindinu synjað.
41. Hersveinn Þorsteunsson, Hömrum. Erindinu synjað.
42. Ingi Halldórsson, Vesturgötu 14. Erindinu synjað.
43. Jón Guðnason, Grett. 59. Samþ. að fella burtu af útsvarsskuld hans 1934-1935, kr. 85.oo auk dtáttarvaxta.
44. Jónas Árnason, Berg. 30. Erindinu synjað.
45. Karl Finnsson, Bergþ. 15. Erindinu synjað.
46. Einar Gíslason, Óðinsgötu 17. Erindinu synjað.
47. Hafsteinn Guðmundsson, Eiríksgötu 13. Erindinu synjað.
48. Jón B. Einarsson, Laugavegi 70 B. Frestað.
49. Jón Guðjónsson, Laugavegi 27. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans frá 1935.
50. Jón Kristján Gunnarsson, Reykjavíkurvegi 13. Erindinu synjað.
51. Jón Jónsson, Ránargötu 18. Erindinu synjað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

52. Gissur Kristjánsson, Ránargötu 3. Erindinu synjað.
53. Hálfdan Helgason, Baugsvegi 3 A. Erindinu synjað.
54. Jón Gunnarsson, Fjölnisvegi 1. Erindinu synjað.
55. Jón Gunnlaugsson, Barónsstíg 65. Erininu synjað.
56. Jón Jóhannsson, Freyjugötu 45. Erindinu synjað.
57. Anna Hinriksson, Lindargötu 12. Erindinu synjað.
58. Bifreiðastöð Akureyrar. Erindinu synjað.
59. Stefán Bjarnason, Fossvogsbletti 5. Erindinu synjað.
60. Einar Karl Magnússon, Framnesvegi 12. Samþ. að lækka útsvar hans 1936 niður í kr. 100.00.
61. Jón Einarsson, Réttarholti. Erindinu synjað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.32.

Guðm. Asbjörnsson. Jakob Möller. Guðm. Oddsson.
Einar Olgeirsson. Jóhanna Egilsdóttir. Arngr. Kristjánsson.
Þorlákur Ottesen. Gunnar E. Benediktsson. Jóh. Olafsson.
Guðrún Jónasson. Bjarni Benediktsson. Guðm. Eiríksson.
Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1936,
fimmtudaginn 1. nóvember, var regæulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Bjarni Benediktsson, Ragnhildur Pétursdóttir, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Gunnar E. Benediktsson, Sigurður Jónsson, Jóhann Ólafsson, Arngrímur Kristjánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Einar Olgeirsson, Guðmundur R. Oddsson, Jakob Möller, Stefán Jóh. Stefánsson og Ólafur Friðriksson.

Þetta gerðist a fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar fraí 12. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 6. nóv. lögð fram.
Einar Oægeirsson bar fram svo hljoðandi tillögu:

Bæjarstjórn ákveður, að fatageymsla í Sundlaugunum skuli vera ókeypis.
Til vara:
Bæjarstjórn ákveður, að fatageymsla í Sundlaugunum skuli vera 10 aurar fyrir þá, sem eldri eru en 16 ára, en ókeypis fyrir yngri.

Olafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við varatillögu Einars Olgeirssonar:

Í stað -10 aurar komi: 5 aurar.

Tillaga frá borgarstjóra um að vísa öllum framkomnum tillögum til bæjarráðs samþ. með 10:1 atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 13. nóv. lögð fram.

Arngrímur Kristjánsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn felur borgarstjóra að láta rannsaka, hvort hægt sé að koma við ljósböðum í barnaskólum bæjarins, og láta gera áætlun um stofn- og rekstursskostnað fyrir slík böð.
Þá sé einnig athugaður kostnaður, er því fylgdi, að skólalæknum bæjarins væri lögð tæki til að gegnlýsa börn og kennara.
Að fengnum þessum athugunum leggi síðan borgarstjóri málið fyrir bæjarráð á ný.

Tillaga frá borgarstjóra um að vísa þessari tillögu til bæjarraðs, samþ. með 8:5 atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá 16. nóv. lögð fram.
4. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Kosning 4 manna í niðurjöfnunarnefnd fyrir árið 1937 og 4 varamanna.
Fór fyrst fram kosning aðalmanna.
Forseta bárust tveir listar, er hann merkti A og B.-
Á A-lista voru Ingimar Jónsson skólastjóri og Jón Guðjónsson bókari, en á B-lista Sigurbjörn Þorkelsson kaupmaður, Gunnar Viðar hagfræðingur og Sigurður Kristjánsson alþingismaður. - Atkvæði féllu þannig, að A-listi fékk 6 atkvæði en B-listi 8 atkvæði.
- Hlutu þannig kosningu:
Ingimar Jónsson og
Jón Guðjónsson af A- lista.
Sigurbjörn Þorkelsson og
Gunnar Viðar af B-lista.
Varamenn:
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Sigurður Olafsson gjaldkeri
Guðmundur Ó. Guðmundsson skrifari
Sigurður Kristjánsson alþingismaður
Sveinn Benediktsson forstjóri.

VI. Fundargerð framfærslunefndar frá 5. nóv. lögð fram.

VII. Fundargerð framfærslunefndar frá 12. nóv. lögð fram.
Forseti
leitaði afbrigða frá fundarsköpum til að tillaga frá Guðmundi R. Oddssyni mætti koma til atkvæða.
Voru afbrigðin felld með 5:5 atkv.
Fellt með 7:5 atkv. að verða við beiðni þeirri, sem um ræðir í 9. lið.

VIII. Borgarstjóri fór þess á leit, að nýtt mál yrði tekið á dagskrá.
Afbrigði fellt með 5:8 atkv.

VI. og VII. mál rædd fyrir luktum dyrum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.05.

Bjarni Benediktsson. Jakob Möller. Einar Olgeirsson.
Jóhanna Egilsdóttir. Arngr. Kristjánsson. Guðm. Oddsson.
Jóh. Olafsson. Guðrún Jónasson. Guðmundur Eiríksson.
Ragnhildur Pétursdóttir. Sig. Jónsson. Gunnar E. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936,
fimmtudaginn 3. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5.æo síðdegosog voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðþundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jóhannsson, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Benediktsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttirþ Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Einar Olgeirsson og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist á fundinum:

Ií Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Guðmundar Ögmundssonar, Hringbraut 159 | 3400 | 37658.- |
| 2. | Hús Jóns Guðjónssonar, Bergstaðastræti 50 | 749 | 9485.- |
| 3. | Hús Sigursteins Árnasonar, Hringbraut 161 | 3711 | 37658.- |
| 4. | Hús Halldórs Jónssonar, Njálsgötu 96 | 3426 | 40920.- |
| 5. | Hús Bjarna Sigurðssonar, Njálsg. 98 | 3410 | 40920.- |
| 6. | Huös Karls Eiríkssonar, B-gata lo | 3449 | 22698.- |
| 7. | Hús Kristins Hanssonar, B-gata 12 | 3450 | 22698.- |
| 8. | Hús Þóris Baldvinssonar við Kleppsveg | 3401 | 25130.- |
| 9. | Hús Bergsveins Guðmundssonar, Ránargata 2 | 3456 | 53748.- |
| 10. | Hús Guðmundar Kr. Jónatanssonar, Laudholt við Ásveg | 2926 | 8465.- |
| 11. | Hús Eyjólfs Guðmundssonar, Þórsgata 7 A. | 1734 | 20780.- |
| 12. | Hús Jóns Jónssonar, Húsfell við Háaleitisveg | 3441 | 8744.- |
| 13. | Hús Sveins Egilssonar, Laugavegur 105 | 1708 | 91284.- |
| 14. | Hus h/f Ísaga við Rauðarárstíg | 1489 | 67112.- |
| 15. | Hús Alexanders Jóhannessonar Grettisgata 46 | 820 | 19601.- |
| 16. | Hús Magnúsar Guðjónssonar, E-gata 3 | 3451 | 25822.- |
| 17. | Hús Eggerts Briem, Fjöknisvegur 10 | 2721 | 1325.- |
| 18. | Hús Árna Eylands, Hringbraut 112 | | 1200.- |
| 19. | Hús h/f Ofnasmiðjan við Háteigsveg | 3421 | 44372.- |
| 20. | Hús Aslaugar Gunnarsdóttur, Havallagata 46 | 3428 | 31592.- |
| 21. | Hús Péturs Halldórssonar, Hávallagata 48 | 3429 | 31412.- |
| 22. | Hús Atla Eieíkssonar, C-gata 21 | 3454 | 31933.- |
| 23. | Hús sama, C-gata 23 | 3455 | 31933.- |
| 24. | Hús Sigurðar Jóhannessonar, Þvergata 7 | 3208 | 55210.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 25. | Hús Eyjólfs Jóhannssonar, Óðinsgata 5 | 1153 | 18025.- |
| 26. | Hús Kristjáns Sveinssonar o.fl. Öldugata 9 | 3360 | 1050.- |
| 27. | Hús Sláturfélags Suðurlands, Frakkastígur 8 | 2105 | 37476.- |
| 28. | Hús Björns Þorkelssonar o.fl. við Reykjanesbraut | 3161 | 10488.- |
| 29. | Hús Thorkild Hansen, Mellavellir við Hlíðarveg | 2775 | 2560.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 20. nóv. lögð fram.
Einar Olgeirsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn ákveður, að atvinnulausir menn skuli geta fengið ókeypis aðgang að sundhöllinni á akveðnum tímum, enda séu þeir skráðir og sýni kort sín, er sanni það.
Gjaldskrá í sundhöllina:
1 stað -65 aurar, komi: 40 aurar.

Aðalbjörg Sigurðardóttir bar fram svo hljóðandi tillögu :

Bæjarstjórnin ákveður, að aðgangseyrir að sundhöllinni skuæi vera 40 aurar fyrir hvern þann, karl eða konu, sem er 15 ára eða eldri. Börn innan 15 ára aldurs fái ókeypis aðgang.
Ennfremur er heimillt að veita námsmönnum og efnalausu fólki aðgang að sundhöllinni gegn hálfu gjaædi eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillöhu:

Bæjarstjórn samþykkir, að afhenda skuli Vinnumiðlunarskrifstifunni aðgöngumiða að Sundlaugunum, er látnir verða ókeypis í té atvinnulausu fólki, enda sendi skrifstofan skilagrein yfir afhendingu mánaðarlega.

Eftir tilmælum Einars Olgeirssonar bar forseti undir atkvæði, hvort ákvörðun um verðlag fyrir fatageymslu í Sundlaugunum skyldi tekin úr höndum bæjarráðs.-
Var það fellt með 8:4 atkv.

Tillaga frá Stefáni Jóh. Stefánssyni um að vísa 13. lið, ásamt framkomnum tillögum, til bæjarráðs til afgreiðslu samþ. með 14:1 atkv.

Samþ. með 8:3 atkv. að mæla með beiðni þeirri, sem um ræðir í 8. lið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 27. nóv. lögð fram.

V. Frumvarp að áætlun um tekjur og gjöld reykjavíkurkaupstaðar árið 1937 (fyrri umræða).
Forseti tilkynnti, að breytingartillögur við frumvarpið ættu að vera komnar til bæjarráðs fyrir 13. þ. m.
Frumvarpið samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.

VI. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkurhafnar árið 1937 (fyrri umræða).

Frumvarpið samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans frá 28. nóv. lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

VIII. Fundargerð framfærslunefnda r frá 19. nóv. lögð fram.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 26. nóv. lögð fram.

X. Útsvarsmál.

1. Þorsteinn Sigurðsson, Grettisgötu 13. Borgarstjóra heimilað að gefa eftir allt að 50 % af útsvarsskuldum hans frá árunum 1935 - '36 gegn greiðslu nú þegar og með því skilyrði, að almennir kröfuhafar samþykki beiðni hans um fullnaðarkvittun gegn greiðslu á 5 % og aðrir fyrri kröfuhafar samþykki eigi lægri eftirgjöf en bæjarsjóður.
2. Steingrímur Steinþórsson, Margötu 3. Erindinu synjað.
3. Karl Meuschke, Templarasundi 3. Erindinu synjað.
4. Bifreiðastöð Reykjavíkur h.f. Erindinu synjað.
5. Jón Þ. Einarsson, Laugavegi 70 B. Samþykkt að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á kr. 100. o.
6. Ólafur Benediktsson, Sæbóli. Erindinu synjað.
7. Kristín Guðmundsdóttir, Þingholtsstræti 8 B. Erindinu synjað..
8. Símon Símonarson, Hringbraut 70. Erindinu synjað.
9. Pétur Gunnæaugsson, Baugsvegi 4. Erindinu synjað.
1o. Sigurður Magnússon, Hörpugötu 12. Erindinu sybjað.
11. Ólafur Bjarnason, Freyjugötu 27. Samþ. að lækka útsvarsskuld hans um kr. 100.oo.
12. Jóhannes J. Norland, Kárastíg 2. Erindinu synjað.
13. Jón J. Jónsson Haga. Erindinu synjað.
14. Kjartan Gíslason, Ljósvallagötu 14. Erindinu synjað.
15. H.J.Hansen, Laugavegi 161. Erindinu synjað.
16. Hón Sigurðsson, Vesturgötu 59. Erindið tekið til baka.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Jon Daníelsson Austurstræti ~~9~~ 4. Erindinu synjað.
18. Guðríður Invarsdóttir, Njálsgötu 74.
Erindinu synjað.
19. Jón Kr. Jónsson, Nýlendugötu 29. Erindinu var synjað.
20. Guðrún Jónsdóttir, Þingholtsstræti 33.
Samþykkt að lækka útsvar hennar 1936 niður í kr. 120.oo.
21. Guðmundur Gíslason, Laugavegi 140. Erindinu synjað.
22. Eyjólfur Jónsson d.b. samþykkt að fella byrtu útsvarsskuldina.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.3o.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson. Ólafur Friðriksson. Jóhanna Egilsdóttir. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Einar Olgeirsson. Guðm. R. Oddsson. Sig. Jónsson. Gunnar E. Benediktsson. Guðrún Jónasson. Jón Axel Pétursson. Guðm. Eiríksson. Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arið 1936,
fimmtudaginn 17. des. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.
Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
Guðmundur Asbjörnsson, Jakob Möller, Ragnhildur Pétursdóttir, Gunnar E. Benediktsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Eiríksson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Jóhannsson, Guðmundur R. Oddsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Jóhanna Egilsdóttir, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Einar Olgeirsson og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 1o. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 4. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 11. des. lögð fram. Samþ. með 9:6 atkv. að mæla með beiðni þeirri, sem um ræðir í 1o. lið.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 15. des. lögð fram.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi viðbótartillögu við 1. lið:

Úthlutunin gildir fyrir tímabilið frá 1. október 1936 til jafnlengdar 1937 og er framfærsæunefnd falið að ákveða um á hvern hátt úthlutun fari fram.

Tillaga bæjarráðs í 1. lið samþ. með shlj. atkv.
Fyrri hluti viðaukatillögu borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Síðari hluti sömu tillögu samþ. með 8:6 atkv.

V. Fundargerð skólanefndar Miðbæjarskólans frá 1o. des. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. liður felldur með 8 shlj. atkv.
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
nei: Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Ragnhildur Pétursdóttir, Jón Axel Pétursson, Ólafur Friðriksson, Bjarni Benediktsson, Guðmundur Asbjörnsson.

Guðmundur R. Oddsson, Jakob Möller, Jakob Möller, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurður Jóhannsson, Gunnar E. Benediktsson, Stefán Jóhann Stefánsson, og Einar Olgeirsson greiddu ekki atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 15. des. lögð fram.

VII. Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar árið 1937, síðari umræða.

Þessar breytingartillögur og ályktunartillögur komu fram:

Frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

Við gjöld III.4. (nýr liður):
Til ljósbaða fyrir skolabörn eftir ákvörðun bæjarráðs kr. 5000.pp
Við gjl. 1.a. (nyr liður):
Sjúkrastyrkur - 50000.oo
Við gjl. VI.3.g. Sjúkrastyrkir falli niður.
Við gjl. VIII.5. orðist þannig:
Styrkur til tveggja dagheimila barnavinafél. Sunargjöf kr. 2400.oo
Við gjl. VIII.9.(nýr liður):
Styrkur til Slysavarnafélags Íslands - til slysavarna í bænum kr. 1000.oo
Við gjl.XII.5.(nýr liður):
Til húsatjórnarkennslu í bænum eftir ákvörðun bæjarráðs - 15000.oo
Við gjl. XIII.9. (nýr liður):
Ferðafélag Íslands, til fjallaskála - 1000,-
Við gjl. XIV.2. (nýr liður):
Til Bálfarafélags Islands til Bálstofu og líkhúss, gegn tvöföldu framlagi annarstaðar að - 10000.oo

1. Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og og bæjarráði að láta hraða kostnaðaráætlun Hitaveitunnar sem frekast má verða og hefja nú þegar undirbúning til hennar.
2. Bæjarstjórnin felur bæjarráði að koma því til leiðar við stjórn og þing, að bæjarbúar eigi kost á að kaupa rafmagnstæki við verulega lækkuðu verði, er Sogsvirkjunin tekur til starfa, og að í því skyni verði tollar og álagning raftækjaeinkasölu fellt niður eða lækkað verulega um eitt ár frá 1. ágúst 1937, en Rafmagnsveita Reykjavíkur sé heimilaður óhindraður innflutningur þessara tækja a þessu tímabili, til sölu her í bænum.

Frá bæjarráði:
Við gjl.VIII.9. (kostnaður við barnavernd):
Fyrir kr. 8000.oo komi: kr. 10000.oo

Fra Jakob Möller:
Við XIII.1o. (Leikfélagið):
Fyrir kr. 4000.oo komi: - 6000.oo

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá fulltrúum Alþýðuflokksins:
Tekjur:
I.5.(leiga af lóðum til íbúðarhúsbygginga).
Í stað 70000.oo komi: 75000.oo.
I.6.(leiga af lóðum skv. mati lóðamatsnefndar):
Í stað 25000.oo komi: 30000.oo
II.1. (Húsagjald) Í stað 530000.oo komi 540000.oo.
III.4. (Grjótnám) Í stað 60000.oo komi : 80000.oo.
III.6. (Smiðja) Í stað 10000.oo komi : 16000.oo.
VII.7. (dráttarvextir) Í stað 40000.oo komi : 60000.oo.
Nýr liður, er verði VIII.
a. Lán til atvinnubóta. kr.100000.oo
b. Framlag ríkissjóðs til atvinnubóta 250000.oo
VIII.2., er verði IX.2.
Í stað 100000.oo komi : 110000.oo (Skattur samvinnufélaga og annara samkv. lögum)
Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I.1.e. | Í stað 6000 | komi : | 2000. |
| I.2.h. | - - 25700 | - | 20000. |
| I.2.i. | - - 37000 | - | 30000 |
| V.2. | - - 40000 | - | 35000 |
| V.4. | - - 70000 | - | 80000 |
| VI.1.a. | - - 900000 | - | 750000 |

VI.1.b. Nýr liður.
Til vinnu þurfandi manna, undirbýnings nýjum garðræktarsvæðum - vinnu við garðrækt - undirbúnings byggingarlóða fyrir smáhýsi - 120000.oo
VI.1.c. Nýr liður:
Til sauma- og prjónastofu, er bærinn starfræki 30000.oo
VI.4.a. Í stað 33000 komi: 23000.
VI.4.b. - 3600 - 1800.
VII.2. Liðurinn orðist þannig:
Sjúkrasamlagsiðgjöld, enda greiði bæjarsjóður iðgjöld til sjúkrasamlagsins fyrir alla þá, sem eru á föstu framfæri og þá aðra, sem sannanlega ~~ekki~~ eigi geta greitt þau sjálfir. 40000.
VII.5. Í stað 10000 komi: 5000.
VIII. Nýr liður, er verði 6.
Til dvalarheimilis fyrir börn, þar sem börnin séu tekin til dvalar á öllum tímum árs, langan eða skamman tíma 5000.o
Til vara:
Styrkur til dvalarheimilis barnavinafélagsins Sumargjöf verði, gegn því að dagheimili þess veiti börnum viðtöku á öllum tímum árs, langan eða skamman tíma 5000.oo
VIII. Nýr liður, er verði X.
Til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur hehn þriðjungs framlahs á móti úr ríkissjóði 1000.oo
VIII.13. (Til sumardvalar fyrir börn).
Í stað 4000 komi : 10000.
VIII.15. Liðurinn falli niður.
VIII.17. Í stað 300000 (úr bæjarsjóði) komi: 500000.oo

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og í stað 150000 (úr ríkissjóði) komi: 250000.oo
Aftan við liðinn nætist: og heimilast bæjarráði að verja allt að 40000 kr. til afgreiðslu hafnargjalda í Reykjavík fyrir togara, sem starfræktir eru frá Reykjavík og gerðir út til veiða að minnsta kosti 10 mánuði ársins.

IX. Í stað 110000 komi ' 200000.oo

X.1. Aftan við liðinn bætist: og eldfæraeftirlits og í stað 52000 komi: 56000.

X.5. Liðurinn orðist þannig: 24000.oo
Sóthreinsun.

XI. Nýr liður, er verði: 5.:
Til áhalda og starfrækslu við ljósböð og gegnumlýsingu skólabarna 12000.

XI.9. Í stað 7000 komi : 8000.

XI.14.a. - 3000 - 5000.

XI,20.c. - 3000 í 4500.

XII.2. ~~Nýr liður~~ Liðurinn verði þannig:
Lesstofa fyrir börn , eftir nánari ákvörðun bæjarraðs 3600

XII. Nýr liður, er verði 6:
Til Alþýðuskólans í Reykjavík, enda njóti skólinn styrks úr ríkissjóði 4000.oo

XIII.2. Í stað 12000 komi : 15000.

XIII.3. - - 1000 - 5000.
Nýr liður, er verði X.:
Til leiðbeiningar í knattspyrnu 3000.
Nýr liður, er verði XI.:
Til kennslu í skíðaíþrótt 3000.

XXVII. Liðurinn falli niður.

Vatns- og hitaveitan:
Gjöld:

9. Liðurinn orðist þannig:
Til aukningar hitaveitu og jarðhitarannsóknar utan Reykja.

Ætlunartillögur:

I. Bæjarstjórnin ákveður, að bæjarráð velji fimm kunnáttumenn, er sérstaklega sé falið að athuga um heppilega gerð 3-5 nýtýsku togara, og sé þeim einnig falið að leita tilboða í byggingu þeirra, ásamt greiðsluskilmálum af andvirði þeirra, með það fyrir augum, að Reykjavíkurbær, einstaklingar eða félög í bænum, ef til vill með aðstoð ríkisins, kaupi slíka togara, og geri þá út til aukinnar vinnu fyrir bæjarbúa.
Samvinnu sé leitað við fiskimálanefnd, um framkvæmd málsins.
Niðurstöður rannsókna sinna og athugana, leggi nefndin fyrir bæjarstjórn fyrir 1. júní 1937.

II. Bæjarstjórnin felur bæjarráði og borgarstjóra að láta fram fara rannsókn um það, með hvaða kjörum og réttindum núverandi eigendur kvikmyndahúsanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

reki kvikmyndastarfsemi í bænum, með það fyrir augum að bærinn taki við stjórn og rekstri kvikmyndahúsa eða stofni nýtt kvikmyndahús, eða tryggi sér að minnsta kosti verulegan ágóðahluta af starfrækslu kvikmyndahúsa í bænum.
Árangur rannsókna þessara og tillögur séu lagðar fyrir bæjarstjórn.

III. Bæjarstjórnin samþykkir að stuðla að því, að stofnsett verði hér í bæ verksmiðja til niðursuðu sjávarafurða, og lofar sem framlagi til slíks fyrirtækis, er stofnað yrði, lóð á heppilegum stað eftir nánari ákvörðun bæjarráðs.

IV. Bæjarstjórnin samþykkir að leita samninga við stjórn Elliheimilisins Grund, um að bærinn taki í sínar hendur, til eignar eða leigu, hluta af húsi Elliheimilisins og stofni þar og starfræki til bráðabirgða bæjarsjúkrahús.

V. Bæjarstjórnin samþykkir að fela bæjarráði að leita fyrir sér um lán til bygginga á sambýlishúsum, með eins og tveggja herbergja íbúðum, með dvalarheimili fyrir börn og öðrum sameiginlegum þægindum.

VI. Bæjarstjórn felur bæjarráði og borgarstjóra að gera nú þegar ráðstafanir til útvegunar lánsfjár til byggingar ráðhúss, eða minnsta kosti nokkurs hluta þess, er nægi fyrir skrifstofur bæjarins.
Jafnframt felur bæjarstjórn bæjarráði, að fá lagaheimild til þess að taka eignarnámi nauðsynlegar lóðir og byggingar í sambandi við ráðhúsbygginguna og skipulagninguu umhverfis hana.

VII. Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og bæjarráði að gera ráðstafanir til að lækka verulega kostnað bæjarsjóðs á fólksbílanotkun starfsmanna bæjarins og bæjarstofnana og í þessu skyni er heimilað að fella niður eða lækka til muna fasta styrki til bifreiðahalds einstakra starfsmanna, sem áætlaðir eru í fjárhagsáætlun bæjarins og bæjarstofnana.

VIII. Bæjarstjórn felur bæjarráði að ráða tvo erlenda kennara til kennslu í knattspyrnu og skíðaíþróttum. Skal hlutaðeigandi íþróttafélögum í bænum gefinn kostur á ókeypis kennslu frá þessum mönnum, og séu ~~ke-~~ kennararnir valdir í samráði við þau, og til þess tíma er þau telja bezt henta.

IX. Með því að sýnt er, að storfelld aukning verður á raforku við virkjun Sogsins, er nauðsynlegt að örfa til aukinnar notkunar. Ákveður því bæjarstjórn að lækka verð á rafmagni til suðu, hitunar og iðnaðar um 1/3 frá 1. maí 1937 að telja.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá fulltrúum kommúnistaflokksins:

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við | I.9. | Upphæðin verði | 80600 |
| - | II. | - - | 725000. |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við | I.1.c. | Upphæðin verði | 15000 |
| - | I.2.a. | - | 8000 |
| - | I.2.b. | - | 7000 |
| - | I.2.f. | - - | 7000 |
| Θ | I.2.l. | - - | 20000 |
| - | I.2.n. | - - | ~~20000~~= falli burt. |
| - | II.1. | - - | 160000 |
| Θ | II.2. | - - | 20000 |
| - | II.3. | - - | 10000 |
| - | II.5 | | falli burt. |
| - | VI.2.a. | - - | 18000 |
| - | VII.2. | - - | 48000 |
| - | VIII.2. | | falli burt |
| - | VIII.4. | Orðist: Til barnaheimila | 7000 |
| - | VIII.8. | falli burt. | |
| - | VIII.12. | upphæðin verði | 7000 |
| - | VIII.15. | Upphæðin falli burtu. | |
| - | VIII.17. | Upphæðin verði, gegn því að ríkissjóður leggi fram kr. 225000 | 450000 |
| - | VIII.20. | Nýr liður: Til reksturs dagheimilis fyrir börn og reki bærinn það sjálfur | 10000 |
| - | VIII.21. | Nýr liður: Framlag til að launa 15 stúlkum til aðstoðar á fátækum heimilum | 15000 |
| - | VIII.22. | Nýr liður: Styrkur til hvíldardvalar fyrir ca. 150 fátækar mæður í sveit ca. ½ mánuð | 6000 |
| - | VIII.23. | Nýr liður: Styrkur til dvalar í sveit ca. ½ mán. fyrir 300 börn | 5000. |
| - | VIII.24. | Nýr liður: Til atvinnuleysisstyrkja | 100000.oo |
| - | XII.1. | Upphæðin verði | 45000.oo |
| - | XII.11. | Nýr liður: Til starfrækslu sjómannaklúbbs | 2000.- |
| - | XIII.2. | Upphæðin verði . . | 20000.- |
| - | XIII.5. | Orðist svo: Til undirbúnings fullkomins íþróttavallar, og upphæðin verði | 50000.- |
| - | XIII. | Nýr liður: Til Sundhallarinnar | 28000.- |

/

Sundhöllin:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við | 1. | Upphæðin verði kr. 75000.oo, enda verði aðgangseyrir miðaður við 4o aura og ókeypis fyrir atvinnuleysingja. | |
| - | 2. | Nýr liður: Styrkur frá Reykjavíkurbæ | 28000.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gasstöðin:
Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1, | Orðist : 1400000 ten.m. á o.25 | 276000.- |
| 2. | - Selt koks 2200 smálestir | 83000.- |
| 3. | - Upphæðin verði | 20000.- |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Kol 4400 smálestir á 36.- | 158400.- |
| 16. | Tekjuafgangur til ríkissjóðs: Orðist | 80000.- |

Rafurmagnsveitan:
Tekjur:

Við a.1. bætist inn: enda sé kílóvattstundin ekki reiknuð hærra en 40 aura um mæla, unz Sogsvirkjunin kemst í notkun og lægra verð þar með.

Við b.9. Falli burt.

Ályktunartillögur:

I.1. Sökum þess hve togurum þeim, er Reykjavík byggir tilveru sína á, fer fækkandi, og hve lengi ýmsir togaranna eru látnir liggja ónotaðir, ákveður Reykjavíkurbær að efna til togaraútgerðar. Sé bæjarráði falið að undirbúa erlendis kaup á 2-3 nýtýzku togurum, en jafnframt hafi bæjarráð gætur á, að svo framarlega sem einhver af núverandi togarafélægum hætti störfum, gefist bænum kostur á að taka þá togara, sem ella seldir burt úr bænum eða látnir ónotaðir, í bæjarútgerð. Rekstur bæjarútgerðar heyrir sérstaka nefnd, er bæjarstjórn kýs.

2. Svo framarlega sem Sjúkrasamlag Reykjavíkur ekki tekur að sér rekstur eigin lyfjabúðar, þá komi Reykjavíkurbær sér upp ltfjabúð, er selji öll lyf til Sjúkrasamlagsins. Sé sú ltfjabýðrekin þannig að hún beri sig. en ekki til að gefa ágóða, heldur sé verð lyfjanna haft svo lágt að iðgjöld Sjúkrasamlagsins geti í skjóli hins lága lyfjaverðs lækkað.

3. Reykjavíkurbær taki upp rekstur á kvikmyndaleikhúsi. Sé þegar, annaðhvort með því að leigja Þjóðleikhúsið til slíks rekstrar, og útbúa það til bráðabirgða þannig, enda náist viðunandi samningar við tíkið um slíkt, eða með því að fá einkaleyfi á kvikmyndarekstri í bænum. Sé verð aðgöngumiða þá lækkað mikið frá því sem nú er tíðkast, en samt rekið til að gefa bænum nokkurn ágóða. Jafnframt sé menningarhlið kvikmyndasýninganna vönduð meira en verið hefir og hagnýting þeirra í sambandi við uppeldi tryggð.

4. Reykjavíkurbær geri eftirfarandi ráðstafanir til að draga úr dýrtíðinni í bænum og auka atvinnu:
Bærinn hefji húsbyggingar í stórum stíl, og seu hús þessi að öllu keyti rekin af bænum, bæði leigð út og svo notuð handa þeim, sem bærinn nú verður að sjá fyrir húsnæði. Aðeins sú húsaleiga, sem bærinn nú greiðir fyrir aðra, ætti að nægja til þess að standa straum af húsbyggingum fyrir 4-5 miljónir króna. Með húsbyggingum fyrir ca. 1 milljón króna. Myndi því borinn í senn spara sér fe og hjálpa til að lækka húsaleiguna í bænum. Þessvegna heimilar bæjarstjórn bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráði að raka lán, að upphæð 1 milljón króna, til húsbygginga í ár.

5. Bæjarstjórn ákveður að hafa samvinnu við Bálfarafélag Íslands um að koma í sumar upp bálstofu í Reykjavík, einkum með það fyrir augum, að gera útfarir miklu ódýrari en nú er. Skulu þeir menn er bæjarstjórn sérstaklega felur að skipuleggja þetta, jafnframt vinna að því, að aðrar útfarir verði einnig ódýrar, hvort heldur það fæst með sérstökum samningum við stofnanir er slíkt annast, eða með því að bærinn komi slíkri stofnun upp.

6. bæjarstjórnin ákveður að hefja verklegar framkvæmdir við hitaveituna í ár..

II.1. Bæjarstjórn ákveður,að við framkvæmd fjárhagsáætlunar 1937 skuli þeir starfsmenn bæjarins, sem fram að þessu hafa unnið meira en 8 tíma, aðein hafa 8 tíma vinnudag, án þess að núverandi kaup þeirra se að nokkru skert. Skal þetta og gilda fyrir kybdara Gasstöðvarinnar og Slökkvistöðvarinnar.

2. Út af hækkun þeirri, er gerð hefir verið á útsvörum með fjárhagsáætlun 1937, lýsir bæjarstjórn yfir því, , að hún álítur, að ekki megi hækka útsvör þeirra manna, er hafa undir 4000 kr. árstekjum. Verði niðurjöfnunarnefnd ekki við því að hækka þau ekki, lýsir bæjarstjórn yfir því, að hún er reiðubúin til að lækka útsvar allra þessara manna, er samsvarar hækkun þeirri, er þeir hafa orðið fyrir vegna almennrar útsvarshækkunar, ef þeir kæra.

3. bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að afnema með lögum það skattfrelsi, er kaþólska trúboðið nú hefir, og gera þar með mögulegt fyrir bæinn að leggja útsvar á þessa starfsemi.
Ennfremur skorar bæjarstjórnin á Alþingi að undirbúa eignarnámsheimild á þeim lóðum kirkjunnar, er bærinn þarf að nota.

4. Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Al,ingi að veita bæjarstjorninni heimild til að leggja verðhækkunarskatt á lóðir þær, sem hækkað hafa í verði fyrir aðgerðir hins opinbera eða fyrir vöxt bæjarins. Eins til að leggja skatt á óbyggðar lóðir, til að knýja fram byggingu á þeim, ef þeim er haldið óbyggðum í braskskyni.

5. Bæjarstjórn skorar á Alþingi að leggja á með lögum stóríbúðaskatt, er nemi alls á landinu um einni miljón króna, og renni helmingur skattsins til bæjarfélaganna, enda verji þau féni til bygginga á íbúðarhúsum.

Frá fulltrúa Framsoknarflokksins:
Tekjur:
Við I.4. Í stað 18000 komi: 9000.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld:
Við I.1.a. Í stað 10000 komi: 6000.
- I.1.b. - - 9500 - 5000.
- I.1.2. - - 251160 - 231160.
- I.2.K. Liðurinn orðist þannig:
Aðstoð vkö skrásetningu lóða, mælingu og skipulag bæjarins, enda verði fenginn erlendur sérfræðingur til aðstoðar við fullnaðarskipulagningu á íþróttasvæðum og leikvöllum bæjarins.
- I.2.p. Í stað 11000 komi: 8000.
- VIII.5. Styrkur til dagheimils barnavinafélagsins Sumargjöf: Í stað 1200 komo:7500 - enda verði sett það skilyrði fyrir veitingunni, að félagið stofni og starfræki dagheimili í Vesturbænum.
- VIII.14. Liðurinn falli niður.
- - 15. Liðurinn falli niður.
- XI. Á eftir 3. lið komi nýr liður, er verði 4. liður, og hljóði svo:
Til ljóslækninga í Austurbæjarskólanum 10000.-
- XI.10. Komi nýr liður svo hljóðandi: Til stéttarfélags barnakennara í Reykjavík, styrkur til útgáfu foreldrablaðsins 500.-
- XI.14.Komi nýr liður:
Til Strætisvagnafeölags reykjavíkur 1500 kr. gegn því skilyrði, að skólabörn í Sogamýri og Laugarneshverfi fái ókeypis far til og frá skóla.
Liðatalan breytist samkvæmt því.
- XIII.2. Leikvellir og skemmtigarðar:
Ístað 12000 komi: 20000, enda verði komið fyrir nauðsynlegustu þrifnaðartækjum í skemmtigörðum bæjarins.
- XIII. Á eftir 9. lið komi tveir nýjir liðir:
10. Til Íþróttaskóla Jóns Þorsteinssonar 10000.-
11. Til sundskála og sólbaðskýlis í Nauthólsvík 15000.-

Rafmagnsveitan:
Við gjaldlið 1 : Laun starfsmanna:
Í stað 73500 komi: 55000.-

Ályktunartillögur:
I. Bæjarstjórnin felur bæjarráði að gera ráðstafanir til þess, að bæjarsjóður taki í sínar hendur rekstur kvikmyndahúsa bæjarins þegar á yfirstandandi vetri, þannig að tekjur af rekstri þeira geti komið til lækkunar útsvörum næsta ár.
II. Bæjarstjórnin ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er nefnist bæjargjaldanefnd. Skulu fjórir nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu í bæjarstjórn, en borgarstjóri á sæti sem fimmti maður í nefndinni og er formaður hennar. Verkefni nefndarinnar er að rannsaka rekstur bæjarins og gera tillögur um niðurfærslu útgjalda bæjarsjóðs og einstakra stofnana bæjarins.
Einkum skal nefndin taka fátækramál bæjarins til ýtarlegrar rannsóknar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórnin felur bæjarráði að hefja þegar í stað undirbúning fyrir því að komið verði í framkvæmd eftirtöldum ~~framkvæmdum~~ endurbótum á fátækraframfærinu:

1, Að bærinn komi á fót nú þegar innkaupastofnun, sem hafi á hendi innkaup á matvælum, fatnaði og öðrum vörum, sem styrkþegum eru látnar í té, enda séu látin fara fram almenn útboð um þessi vörukaup.

2. Að bærinn komi á fót þegar í stað saumastofu, þar sem unnin verði fatnaður á styrkþega bæjarins og úr innlendu efni, eftir því, sem hægt er.

3. Að stofnað verði almenningseldhús og mötuneyti.

4. Að full- vinnfærum styrkþegum bæjarins sé, eftir því sem við verður komið, fæin ýmiskonar vinna, er bænum megi að gagni koma, t.d. vinnu við leikvallagerð, í stað þess að veita þeim beina styrki.

Þeir nefndarmenn, sem eru launaðir starfsmenn bæjarins, skulu vinna starf sitt endurgjaldslaust, en bæjarstjórn ákveður þóknun til annara nefndarmanna.

III. Bæjarstjórn ályktar að kjósa fimm manna nefnd, sem nefnist íþróttanefnd. Hefir hún með höndum yfirumsjón sundlauga, sundhallar, sjóbaðstaðar, íþróttavallar, leikvallar, íþróttahúsa og annara slíkra menningartækja, er bærinn á eða eignast. Skal nefndin gera tillögur til bæjarstjórnar um starfrækslu og notkun þessara eigna, val starfsmanna og laun þeirra, enda hagi þeir störfum í samráði við nefndina.

Kýs bæjarstjórn fjóra nefndarmenn hlutfallskosningu, en stjórn íþróttasambands Íslands einn. Nefndin skal endurkosin þegar næst verður kosið í skólanefnd og er síðan kjörtímabil beggja nefnda hið sama.

IV. Bæjarstjórnin ályktar að fela bæjarráðinu að rannsaka hvar og hvernig haganlegast verði komið á fót einu eða tveimur fisk- og grænmetistorgum, þar sem fram geti farið sem hagkvæmust skipti framleiðenda og neytenda.

V. Að bærinn byggi sér þegar í stað lóð fyrir skrifstofubyggingu bæjarins, og bygging verði hafin hið allra fyrsta. Skal byggingunni hagað þannig, að hún geti orðið hluti af væntanlegri ráðhúsbyggingu bæjarins.

VI. Bæjarráðinu sé falið að ljúka sem fyrst rannsóknum á hitaveituskilyrðum á Reykjum og jafnframt rannsökuð hitaveituskilyrði frá öðrum stöðum. Að þessum rannsóknum loknum, verði þegar leitað eftir láni til framkvæmda hitaveitunni.

Frá fulltrúum Alþýðuflokksins:

Tekjur:

VIII.3. Liðurinn verði þannig:

Hluti bæjarins af tekjuskatti árin 1936 og 1937 200000.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Jakob Möller:
Við gjaldlið VIII.3. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til sjúkrahúss Hvítabandsins:
kr. 1.oo fyrir hvern legudag á sjúkrahúsinu
allt að kr. 13000.oo.

Frá Guðmundi Eiríkssyni og Guðrúnu Jónasson.
Við gjl. XII.6. Iðnskoli Reykjavíkur:
Fyrir 4000 komi: 5000 kr.

Frá Aðalbjörgu Sigurðardóttur:
Við gjl. XII. Komi nýr liður, sem verði 11. liður og hljóði svo:
Til Rakelar P. Þorleifsdóttur, Blátúni, 500 kr. til þess að halda námskeið í matjurtarækt og til þess að gera tilraunir með ræktun innlendra og útlendra ætijurta.

Fra Sigurði Jóhannssyni, Guðmundi Eiríkssyni og Jóni Axel Péturssyni:
Við gjl. XIII.6. Til Knattspyrnufélags Reykjavíkur:
Í stað 1000.oo komi: 1500.oo.

Frá Bjarna Benediktssyni og Olafi Friðrikssyni:
Við gjl. XIII.7. Liðurinn verði:
Íþróttafelag Reykjavíkur 1500.oo.

Frá Bjarna Benediktssyni, Jóni Axel Péturssyni, Guðmundi Eiríkssyni og Guðrúnu Jónasson:
Við gjl. XIII. Nýr liður nædt á eftir 9 og breytist greinatala samkv. því:
Knattspyrnufélagið Valur 1000.oo.

Frá borgarstjóra:
Tillaga fulltr. Alþýðufl. VII. orðist svo:
Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og bæjarrái að fylgjast sem bext með kostnaði bæjarsjóðs af folksbílanotkun bæjarstarfsmanna bæjarins og bæjarstofnana og í þessu skyni er heimilað að fella niður eða lækka til muna fasta styrki til bifreiðahalds einstakra starfsmanna, sem áætlaðir eru í fjárhagsáætlun bæjarins eða bæjarstofnana.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni:
Breytingartillaga við tillögu Sjálfstæðisflokksins um kaup og innflutning á rafmagnstækjum:
a) Í stað orðanna í upphafi tillögunnar:
-Bæjarstjórn felur . . . . . . . og þing, komi:
Bæjarstjórn felur bæjarráði að leitast við að fá lagaheimild til þess að Rafmagnsveita Reykjavíkur fái einkarétt til innflutnings og sölu á rafmagnstækjum til notkunar við suðu og hitubar hér í bænum, þar í talin pottar og önnur tæki til notkunar á rafmagnssuðuvélum.
svo:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

b) I stað orðanna: -tollar og ...... raftækjaeinkasölu, komi: tollur á þessum vörum til ríkissjóðs og vörugjald til Reykjavíkurhafnar.

Fundarhlé kl. 8.05 - 9.30.

Kl. 9.30 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn.

Skömmu fyrir kl. 12 bar forseti undir atkvæði, hvort fundinum skyldi haldið áfram eftir miðnætti.- Var það fellt með 8:7 atkv.
Þá skírði forseti frá því, að sér hefði borizt áskorun, undirskrifuð af sjö bæjarfulltrúum, um að fundur skyldi hefjast að nýju kl. 6 f.h. næsta dag. Bar hann undir atkvæði hvort það skyldi gert, og var það samþykkt með 8:6 atkv. -
Samkvæmt því boðaði forseti fund kl. 6 f.h. föstudaginn 18. des.

Olafur Friðriksson krafðist úrskurðar forseta um það, hvort heimillt væri að boða fund á þessum tíma. Forseti úrskurðaði að svo væri.

Umr. frestað til kl. 6 f.h. 18. des.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 18. des.
kl. 6½ f. h., var fundinum haldið áfram. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar:
